



Ársskýrsla safnaráðs 2024

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Ávarp framkvæmdastjóra.....	5
I. Safnaráð - hlutverk og ráðsmenn	6
Hlutverk ráðsins.....	6
Árlegur samráðsfundur menningarráðherra og fagfélaga safnastarfs	7
Fyrsti samráðsfundur	7
Ráðsmenn og framkvæmdastjóri	8
Aðalfulltrúar	8
Varafultrúar	8
Fyrir hönd höfuðsafna.....	8
Framkvæmdastjóri og sérfræðingur safnaráðs.....	9
Skrifstofa safnaráðs	9
Vefsíða og samfélagsmiðlar.....	9
II. Starf ráðsins á árinu 2024	10
Starfsemi safnaráðs.....	10
Fundir ráðsins.....	10
Stefnumörkun um safnastarf - Aðgerðaráætlun	11
Önnur verkefni og viðburðir safnaráðs.....	13
Úthlutunarboð safnaráðs.....	13
Málþing og Alþjóðlegi safnadagurinn 2024	14
Ráðstefna um verndun menningarminja í Stokkhólmi	15
Árþing Bláa skjaldarins í Rúmeníu	16
Farskóli FÍSOS 2024 á Akureyri - Fagráðstefna safnafólks.....	17
Haustferð safnaráðs - Vesturland	19
Safnaráð flytur í Austurstræti 5.....	20
Samstarfsverkefni safnaráðs.....	22
MOI! Museums of Impact.....	22
Samstarf safnaráðs, ICOM á Íslandi og FÍSOS	22
Samstarf við Hagstofu Íslands um tölfraeðiupplýsingar um söfn	22
Fjármál	23
Uppgjör safnaráðs 2024.....	23
Framlög til sjóðs og ráðs 2002 - 2024	24
III. Safnasjóður 2024	25
Um safnasjóð.....	25
Mat umsókna.....	25
Umsóknavefur safnasjóðs	26
Aðalúthlutun úr safnasjóði 2024.....	26

Styrkir til eins árs.....	26
Öndvegisstyrkir	27
Aukaúthlutun úr safnasjóði 2024.....	27
Úthlutanir úr safnasjóði 2024.....	27
Öndvegisstyrkþegar 2024-2026	29
Listi yfir úthlutanir úr safnasjóði 2024.....	30
Greining á úthlutun úr safnasjóði 2024	40
Skipting eftir úthlutunum.....	40
Hvernig starfsemi styrkti safnasjóður 2024?	40
IV. Eftirlitshlutverk safnaráðs.....	42
1. hluti eftirlits - Eftirlit með rekstri safns.....	42
2. hluti eftirlits - Eftirlit með húsakosti safns, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum	42
Staðan á öðrum hluta eftirlits 2024	43
Viðurkennd söfn sem hafa lokið 2. hluta eftirlits safnaráðs.....	44
3.hluti eftirlits - Eftirlit með skráningu gripa og aðgengi að safnkosti og sýningum	45
4. hluti eftirlits - Viðbragðsáætlanir viðurkenndra safna	45
Nýting styrkja úr safnasjóði	46
V. Viðurkennd söfn	47
Skilmálar viðurkenningar safna.....	47
Stofnskrár viðurkenndra safna	48
Listi yfir viðurkennd söfn 2024.....	49

Ávarp framkvæmdastjóra



Í formála [Ársskýrslu safnaráðs frá síðasta ári](#) varð undirritaðri tíðrætt um þær ógnir sem steðja að heimsbyggðinni, bæði vegna náttúru- og loftslagsvárs og einnig vegna manngerðra ógna. Þar ber helst að nefna stríðsrekstur tveggja öflugra þjóða gagnvart nágrannabjóðum sínum sem hefur stuðlað að ólýsanlegum hörmungum, bæði dauða þúsunda saklausra borgara og eyðileggingu innviða, og hafa menningarverðmæti ekki verið undanskilin. Því miður er sömu sögu að segja árið 2024 og virðast mannkærleiki og virðing á undanhaldi. Ef eitthvað er virðist ógnin færast nær, þar sem við sjáum að stór og stöndug

lýðræðisríki eru mörg hver gagnert farin að draga úr réttindum almennra borgara. Endurskoðun sögunnar í pólitískum tilgangi er komin aftur á dagskrá eftir að hafa legið í dvala um hálfra aldar skeið, að minnsta kosti í þeim ríkjum sem við viljum helst bera okkur saman við, og eru söfn sérstaklega viðkvæm fyrir þeirri ógn.

Greinilegt er að sjá að þessum áhyggjum deilir safnafólk um heim allan, enda eru verkefni á borð við viðbragðsáætlanir safna vegna *Haag-samnings UNESCO frá 1954 um vernd menningarverðmæta komi til vopnaðra átaka* unnin í menningargeiranum víða um heim og yfirskriftir alþjóðlegra ráðstefna og funda fjalla æ oftast um söfn á tímum viðkvæmrar stöðu alþjóðamála og yfirstandandi ógna. Við þessar aðstæður er samstaða safnafólks einkar mikilvæg auk þess sem góður undirbúningur og stuðningur við faglegt starf gegna lykilhlutverki. Þar eru viðbragðsáætlanir safna sérstaklega veigamiklar. Hjá safnaráði þetta ár hefur gerð viðbragðsáætlana samkvæmt áðurnefndum Haag-samningi verið lykilverkefni og mun vera næstu 2 árin. Augljóst er að á tímum ískeygglegra breytinga, eru söfn mikilvægari en nokkru sinni fyrr, því þau geta sannarlega haft áhrif til góðs og geta skipt gríðarlegu máli í því að halda á lofti sanngildi staðreynda, vera öruggur samkomustaður fyrir öll og standa vörð um mannréttindi í anda Heimsmarkmiða Sameinuðu Þjóðanna.

Hjá okkur í safnaráði markaði þetta ár nokkrar breytingar, skrifstofa ráðsins flutti um set um fáeinar götur í september og er nú í samkrulli með góðum menningarstofnunum á 4. hæð í Austurstræti 5. Menningarmálin fengu glænýtt ráðuneyti og ráðherra, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti, með Loga Einarsson í forsvari, og væntum við góðs samstarfs við ráðherra og starfsfólk ráðuneytisins nú sem endranær. Skipunartíma safnaráðs fer brátt að ljúka, en nýtt ráð verður skipað í upphafi árs 2025.

Fjölbreytni styrkveitinga úr safnasjóði sýnir glögggt hve öflugt og gott starf viðurkennd söfn á Íslandi vinna og hvað starfsfólk safnanna er fjölbætt og faglegt. Árið 2024 var úthlutað alls 192 styrkjum úr sjóðnum, að heildarupphæð 234.795.000 kr., og er það næsthæsta úthlutun frá upphafi. Um 44% styrkfjárins fóru í eflingu faglegrs starfs safnanna og ögn minna, eða um 42%, runnu til fjölbreyttrar miðlunar safna en um 10% í símenntunarverkefni.

Eins árs styrkir 2024 voru 107 talsins til 46 styrkþega, að heildarupphæð 166.335.000 kr. Veittir voru 2 Öndvegisstyrkir fyrir árin 2024-2026, heildarupphæð fyrir allan styrktímann er 30.000.000 kr. og úthlutun ársins er 10.000.000. Eldri Öndvegisstyrkir fyrir árin 2022-2024 annars vegar og 2023-2025 hins vegar voru 9 talsins, að heildarupphæð 34,8 milljón króna fyrir árið 2024. Úr aukaúthlutun safnasjóðs 2024 í lok ársins voru veittir alls 74 styrkir, að heildarupphæð 23.660.000 kr.

Með von um bjartari tíma,
Póra Björk Ólafsdóttir
Framkvæmdastjóri safnaráðs



I. Safnaráð - hlutverk og ráðsmenn

Hlutverk ráðsins

Safnaráð er stjórnarsýslunefnd sem skipuð er af menningarráðherra til fjögurra ára í senn samkvæmt safnalögum nr. 141/2011. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn fulltrúa, Félag íslenskra safna og safnafólks einn fulltrúa og Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna (ICOM) einn fulltrúa. Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður en varaformaður skal skipaður úr hópi nefndarmanna. Forstöðumenn höfuðsafna sitja fundi safnaráðs stöðu sinnar vegna. Meginhlutverk safnaráðs er að hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu, vinna að stefnumörkun um safnastarf, fjalla um stofnskrár og viðurkenningar safna og veita umsagnir um styrkumsóknir í safnasjóð.

Safnaráð hefur eftirfarandi hlutverk samkvæmt 7. gr. safnalaga nr. 141/2011:

- a. að hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu,
- b. að vinna að stefnumörkun um safnastarf í samvinnu við höfuðsöfn sem send er ráðherra til samþykktar,
- c. að fjalla um stofnskrár eða samþykktir safna og staðfesta þær,
- d. að fjalla um viðurkenningu safna og afturköllun viðurkenningar áður en tillögur þar að lútandi eru sendar ráðherra,
- e. að setja skilmála um húsnæði safna, þar á meðal staðla um aðgengi, og öryggismál þeirra,
- f. að setja skilmála um staðla fyrir skráningarkerfi safna og viðurkenningu á skráningarkefnum,
- g. að veita viðkomandi höfuðsafni umsögn um erindi er varða ráðstöfun eða förgun safngripa,
- h. að leggja mat á þörf fagsviðs eða landsvæðis fyrir sérstakt ábyrgðarsafn og fjalla um tillögu þar að lútandi áður en höfuðsafn sendir hana ráðherra,
- i. að setja safnasjóði úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir,
- j. að veita umsögn um styrkumsóknir úr safnasjóði,
- k. að sinna öðrum verkefnum á sviði safnamála samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Árlegur samráðsfundur menningarráðherra og fagfélaga safnastarfs

Breytingar urðu á nokkrum lögum er varða safnamál árið 2023 og við það tilefni var eftirfarandi málsgrein bætt við 7. gr. safnalaga:

Safnaráð boðar til samráðsfundar a.m.k. árlega með ráðherra og fulltrúum höfuðsafna og þeirra fagfélaga sem koma að starfi safnanna. Safnaráð semur reglur um fyrirkomulag samráðsfundar, þátttakendur og dagskrá sem ráðherra staðfestir.

Reglur um fyrirkomulag fundarins voru samþykktar í nóvember 2024 og eru þær eftirfarandi:

Fyrirkomulag samráðsfundar

Samráðsfundurinn er eins til tveggja klukkutíma staðfundur sem boðaður er að jafnaði einu sinni á ári. Boðað er með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Safnaráð setur fundarstjóra og fundarritara.

Hluti dagskrár getur verið helgaður fyrirfram ákveðnu efni. Þátttakendur munu þá senda spurningar eða málefni til umræðu til ráðherra, með góðum fyrirvara svo ráðherra geti undirbúið sig.

Þátttakendur – fagfélög og stofnanir

Gert er ráð fyrir að hver þátttökuaðili sendi einn gest fyrir sína hönd, að jafnaði formann hvers félags eða forstöðumann stofnunar. Sá aðili getur sent annan stjórnarmann (eða staðgengil) ef boðsgestur á ekki heimangengt. Aðra aðila má boða á fundina, ef þörf krefur.

Formenn eða forstöðumenn eftirtalinna aðila fá boð á fundinn;

- FÍSOS, Félag íslenskra safna og safnafólks
- Íslandsdeild ICOM
- Félag fornleifafræðinga
- Sagnfræðingafélag Íslands
- Félag þjóðfræðinga á Íslandi
- Félag íslenskra náttúrufræðinga
- Listfræðafélag Íslands
- Félag íslenskra safnafræðinga
- NKF-Ísland - Félag norræna forvarða á Íslandi
- Námsbraut í safnafræði við Háskóla Íslands
- SÍM – Samband íslenskra myndlistarmanna

Fyrsti samráðsfundur

Fyrsti samráðsfundur menningar- og viðskiptaráðherra og fagfélaga safnastarfs var haldinn þriðjudaginn 19. nóvember 2024 í húsakynnum safnaráðs að Austurstræti 5.

Þessi fyrsti fundur var ekki helgaður fyrirfram ákveðnum efnistöfum heldur opinn fyrir almennar umræður auk þess sem reglur um samráðsfundinn voru kynntar. Góð mæting var á fundinn og ýmis málefni rædd er varða safnastarf í landinu. Fundargerð má finna á vef ráðsins: <https://safnarad.is/wp-content/uploads/2025/04/FundargerðSamradsfundur19nov-LOKA.pdf>

Ráðsmenn og framkvæmdastjóri

Núverandi safnaráð var skipað í janúar 2021 og mun starfa til 30. janúar 2025.

Aðalfulltrúar

Formaður, skipaður af menningarráðherra án tilnefningar:
Vilhjálmur Bjarnason.

Varaformaður, skipaður af menningarráðherra án tilnefningar:
Gunnhildur Ásta Guðmundsdóttir.

Fulltrúi, skipaður af Sambandi íslenskra sveitarfélaga:
Inga Lára Baldvinsdóttir sagnfræðingur.

Fulltrúi, tilnefndur af Félagi íslenskra safna og safnafólks
Hlynur Hallsson, safnstjóri Listasafnsins á Akureyri.

Fulltrúi, tilnefndur af Íslandsdeild ICOM, Alþjóðaráðs safna:
Helga Lára Þorsteinsdóttir, safnafræðingur og safnstjóri safns RÚV.

Varafulltrúar

Skipaðar af ráðherra án tilnefningar: Valborg Snævarr og Svanhvít Friðriksdóttir.
Sigurður Trausti Traustason, tilnefndur af Íslandsdeild ICOM, Alþjóðaráðs safna.
Gunnþóra Halldórsdóttir, tilnefnd af Félagi íslenskra safna og safnafólks
Anna Guðrún Björnsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Fyrir hönd höfuðsafna

Fyrir Þjóðminjasafn Íslands: Harpa Þórsdóttir þjóðminjavörður.

Fyrir Listasafn Íslands: Ingibjörg Jóhannsdóttir safnstjóri.

Fyrir Náttúruminjasafn Íslands: Hilmar Malmquist forstöðumaður.



Mynd 1 - Safnaráð á ferð um Suðurland

Framkvæmdastjóri og sérfræðingur safnaráðs



Þóra Björk Ólafsdóttir,
framkvæmdastjóri safnaráðs

Starfsmenn safnaráðs eru tveir, Þóra Björk Ólafsdóttir framkvæmdastjóri - viðskiptafræðingur BSc., safnafræðingur MA. og Klara Þórhallsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu safnaráðs - BA í myndlist, diplóma í kennslufræðum og alþjóðasamskiptum.



Klara Þórhallsdóttir,
sérfræðingur hjá safna-
ráði

Skrifstofa safnaráðs

Safnaráð rekur skrifstofu og framkvæmdastjóri og sérfræðingur safnaráðs sjá um allt er lýtur að rekstri hennar; veita innlendum og erlendum aðilum upplýsingar um safnamál, undirbúa og halda utan um umsóknarferli í safnasjóð, skipuleggja eftirlit safnaráðs og eftirfylgni vegna þess, halda utan um starfshópa safnaráðs, sinna vefsíðu, Facebook-síðu, viðburðum og útgáfu, undirbúa ákvarðanir og fundi og sinna framkvæmd ákvarðana ráðsins.

Skrifstofa safnaráðs var í Gimli, Lækjargötu 3, 101 Reykjavík út ágúst 2024, en flutti þá í Austurstræti 4, 5.hæð þar sem ráðið leigir skrifstofuaðstöðu af Listahátíð í Reykjavík. Aðrir leigutakar í sama rými eru List fyrir alla, Sviðslistamiðstöð, Miðstöð íslenskra bókmennta, Myndlistarmiðstöð og Improv Ísland.

Á árinu 2024 færðust upplýsingatækni kerfi ráðsins undir Umbru, þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins, sem sinnir upplýsinga- og tæknimálum og ýmsum sameiginlegum rekstrarþáttum ráðuneytanna, að hluta eða í heild, með það að markmiði að stuðla að hagkvæmni í rekstri. Umbra heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið. Ráðið verslar skjalakerfi hjá Advania og umsóknakerfi vegna safnasjóðs hjá Origo.

Vefsíða og samfélagsmiðlar



Vefsíða safnaráðs, <https://safnarad.is/>, er rekin í WordPress-kerfi. Viðhaldi og ritstjórn er sinnt af framkvæmdastjóra og sérfræðingi safnaráðs. Vefsíðan er uppfærð reglulega og á henni birtast allar fréttatilkynningar, auglýsingar og fundargerðir sem ráðið sendir frá sér. Síðan er upplýsingaveita um starfsemi ráðsins en þar er einnig að finna tengil á umsóknavef safnaráðs sem og skilmála og reglur sem snúa að umsóknum til ráðsins.

Safnaráð heldur einnig úti síðum á samfélagsmiðlunum [Facebook](#) og [Instagram](#), þar sem helstu upplýsingar varðandi starfsemi ráðsins eru birtar.





II. Starf ráðsins á árinu 2024

Starfsemi safnaráðs

Fundir ráðsins

Safnaráð hélt alls tíu fundi á árinu. Fundargerðir safnaráðs eru aðgengilegar á vef ráðsins.¹

Eftirfarandi fundir voru haldnir árið 2024:

- 232. fundur safnaráðs - 11. apríl 2024, haldinn í Safnahúsinu við Hverfisgötu
- 233. fundur safnaráðs - 22. maí 2024, haldinn í Safnahúsinu við Hverfisgötu
- 234. fundur safnaráðs - 27. júní 2024, haldinn í Safnahúsinu við Hverfisgötu
- 235. fundur safnaráðs - 21. ágúst 2024, haldinn í Safnahúsinu við Hverfisgötu
- 236. fundur safnaráðs - 2. september 2024, haldinn á Teams eða í fjarfundarbúnaði
- 237. fundur safnaráðs - 9. október 2024, haldinn í fundarsal safnaráðs, Austurstræti 5, 4. hæð.
- 238. fundur safnaráðs - 13. nóvember 2024, haldinn á Foss Hótel, Stykkishólmi
- 239. fundur safnaráðs - 5. desember 2024, haldinn í fundarsal safnaráðs, Austurstræti 5, 4. hæð
- 240. fundur safnaráðs - 16. desember 2024 - úthlutunarfundur aðalúthlutunar 2025, haldinn í fundarsal safnaráðs, Austurstræti 5, 4. hæð
- 241. fundur safnaráðs - 16. desember 2024 úthlutunarfundur aukaúthlutunar 2025, haldinn í fundarsal safnaráðs, Austurstræti 5, 4. hæð

¹ Sjá fundargerðir safnaráðs: <https://safnarad.is/um-safnarad/fundargerdir/arid-2024/>

Stefnumörkun um safnastarf – Aðgerðaráætlun



Í samræmi við safnalög vinnur safnaráð að [Stefnumörkun um safnastarf](#). Fyrsta stefnumörkunin var samþykkt af ráðherra og kynnt fyrir ríkisstjórn árið 2020. Hún skilgreinir hlutverk og ábyrgð safna, eigenda þeirra og eftirlitsaðila.

Á grundvelli stefnumörkunarinnar var unnin [Aðgerðaráætlun](#) í samstarfi við safnafólk og höfuðsöfnin, en þeirra á meðal voru Harpa Þórsdóttir þjóðminjavörður, Hilmar Malmquist forstöðumaður Náttúruminjasafnsins og Ingibjörg Jóhannsdóttir safnstjóri Listasafnsins. Við vinnslu áætlunarinnar var haft ítarlegt samráð við hagsaðila. Hún hófst með vinnustofu árið 2021 og var haldið áfram með skipun starfshóps árið 2022 sem samanstóð af fulltrúum höfuðsafna, viðurkenndra safna og safnaráðs. Aðgerðirnar í áætluninni endurspeglar sjö meginmarkmið stefnumörkunarinnar. Samfélagslegt hlutverk safna er í brennidepli um þessar mundir. Söfn eru fyrir alla og allir hópar samfélagsins eiga að upplifa sig velkomna á söfnum, bæði sem virkir þátttakendur og gestir. Skýr stefna, bæði hjá

söfnum og stjórnvöldum, er ein af forsendum þess að hlutverk safna, markmið þeirra í rekstri og viðtæk áhrif safna í samfélaginu séu sýnileg.

Aðgerðaráætlunin var tilbúin vorið 2023 og var kynnt fyrir ráðherra í júní sama ár við góðar undirtektir. Þá var hún kynnt á *Ársfundi höfuðsafnanna og safnaráðs* en sá fundur fór fram 23. janúar 2024 og [má finna upptöku frá fundinum hér](#).

Lykilþættir

Aðgerðaráætlunin byggir á fimm lykilþáttum sem tryggja að aðgerðirnar sex styðji við markmið stefnumörkunarinnar. Þessir þættir eru:

- Rekstraröryggi
- Efling þekkingar innan safna
- Faglegur aðbúnaður safnkosts
- Tengsl við samfélagið
- Sjálfbærni og varðveisla til framtíðar

Aðalaðgerðir

Í aðgerðaráætluninni eru sex meginaðgerðir sem styðja við markmið stefnunnar. Gildistími þessarar fyrstu aðgerðaráætlunar er **2023-2026**. Að þeim tíma liðnum verður hún endurskoðuð og ný aðgerðaráætlun unnin. Hér er stiklað á stóru í aðgerðunum:

1. Söfn fyrir öll - kynning á safnastarfi

Áhersla er lögð á að tryggja jafnt aðgengi allra að menningar- og náttúruarfi, efla sýnileika safna, og styrkja tengsl við samfélagið. Unnið verður að kynningarmálum í samvinnu við hagaðila.

2. Efling innviða

Safnaráð er mikilvægur hlekkur í menningarstjórnsýslu landsins. Efling innviða felst í því að styrkja safnastarfið í landinu. Þar er eftirlitshlutverk safnaráðs mikilvægt tæki til að auka samvinnu, styðja við faglegt safnastarf og skerpa á ábyrgð eigenda með eigenda-stefnu.

3. Faglegt starf - undirstaða verndunar menningar- og náttúruarfs

Stefnur safna þurfa að endurspegla faglegt starf þeirra. Huga verður að framtíðarskráningarkerfi safna á Íslandi, tryggja að söfn hafi sérhæfð varðveislurými og skoða mögulega samvinnu um varðveislurými.

4. Varðveisla þekkingar og samstarf safna

Stofna á þekkingargátt á vefnum þar sem fagfólk getur deilt handbókum og fróðleik til að nýta betur þá þekkingu sem verður til innan safna.

5. Fræðsluhlutverk safna

Efla á fræðslustarf safna í samstarfi við menntakerfið og auka vægi menningar- og náttúruarfs í menntun.

6. Þekkingarsköpun á söfnum og fræðastörf

Rannsóknir og miðlun niðurstaðna eru kjarnastarf safna. Mikilvægt er að auðvelda aðgang að frumgögnum og tryggja samstarf við háskóla og fræðasamfélagið.

Uppbygging aðgerða

Sumar aðgerðir í áætluninni eru þegar hafnar og hafa jafnvel verið í gangi til fjölda ára, en mikilvægt er að viðurkenna og styðja við það góða starf sem unnið er á söfnum. Hver aðgerð inniheldur viðmið, mælikvarða og upplýsingar um mögulega samstarfsaðila. Þetta er gert til að auðvelda söfnum að hrinda aðgerðum í framkvæmd og meta árangur. Einnig er sýnt hvernig hver aðgerð tengist markmiðum Stefnumörkunar um safnastarf og Heims-markmiðum Sameinuðu þjóðanna.

[Aðgerðaráætlunin er aðgengileg öllum hér á heimasíðu safnaráðs.](#)

Önnur verkefni og viðburðir safnaráðs

Úthlutunarboð safnaráðs



Úthlutunarboð vegna aðalúthlutunar 2024 fór fram í Safnahúsinu við hátíðlega athöfn að viðstöddu fjölmenni þar sem styrkþegar tóku á móti viðurkenningarskjöllum.

Boðið var haldið í fyrirlestrasal Safnahússins við Hverfisgötu þriðjudaginn 23. janúar í kjölfar sameiginlegs ársfundar safnaráðs og höfuðsafnanna þriggja; Þjóðminjasafns Íslands, Listasafns Íslands og Náttúruminjasafns Íslands. Dagskrá fundarins hófst kl. 14 með fyrirlestrum

og að þeim loknum kl. 16 hélt Lilja D. Alfreðsdóttir menningarráðherra erindi og tilkynnti um aðalúthlutun safnasjóðs 2024, alls 176.335.000 kr. til 46 styrkþega.

Með eldri Öndvegisúthlutunum hefur því alls verið úthlutað 211.135.000 krónum úr safnasjóði árið 2024.

Styrkir til eins árs voru 107 talsins að heildarupphæð 166.335.000 kr. til 46 styrkþega.

Öndvegisstyrkir 2024-2026 til viðurkenndra safna voru tveir talsins, 10.000.000 alls árlega 2024-2026, alls 30.000.000 kr. Úthlutanir fyrir árin 2025 og 2026 eru veittar með fyrirvara um fjármögnun safnasjóðs.

Fyrir aðalúthlutun safnasjóðs 2024 bárust sjóðnum alls 150 umsóknir frá 53 aðilum að heildarupphæð rúmar 312 milljónir króna. Skv. 7. mgr. 22. gr. safnalaga úthlutar ráðherra styrkjum úr safnasjóði að fengnum tillögum safnaráðs. Hægt er að sjá nánari sundurliðun á styrkhöfum [hér](#).



Mynd 2 - Aðalúthlutun safnasjóðs 2024 í Safnahúsinu



Mynd 3 - Styrkhafar ásamt ráðherra og safnaráði við aðalúthlutun safnasjóðs 2024 í Safnahúsinu

Málþing og Alþjóðlegi safnadagurinn 2024



18. maí á ári hverju er [Alþjóðlegi safnadagurinn](#) haldinn hátíðlegur í samstarfi [FÍSOS](#) og [Íslandsdeildar ICOM](#) með öflugum stuðningi frá [safnaráði](#) og söfnunum í landinu. Markmiðið með deginum er að kynna og efla safna-

starf á Íslandi en þá eru söfn hvött til að standa fyrir viðburðum og jafnvel er ókeypis aðgangur í tilefni dagsins.

Yfirskrift Alþjóðlegra safnadagsins 2024 var: **Söfn í þágu fræðslu og rannsókna** sem beinir sjónum að mikilvægi menningarstofnana þegar kemur að því að bjóða upp á heildræna fræðslu og tækifæri til þekkingaröflunar. Þá var vakin athygli á þætti safna í að styðja við rannsóknir og skapa vettvang til að kanna og deila hugmyndum. Hvort sem viðfangsefnið er saga eða listir, tækni eða vísindi, þá efla þau skilning og þekkingu okkar á heiminum í gegnum fræðslu og rannsóknir.



Mynd 4 - Ólöf K. Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur hélt erindi

Eins og árið áður var haldið málþing í aðdraganda Alþjóðlegra safnadagsins þar sem fjallað var um valin safnaverkefni út frá yfirskrift dagsins, en öll verkefni höfðu fengið Öndvegisstyrk úr safnasjóði.

Málþingið var haldið í fyrirlestrasal Listasafns Reykjavíkur - Kjarvalsstöðum þriðjudaginn 14. maí kl. 13:00-14:30 og fundarstjóri var Arndís Bergsdóttir fyrir hönd Rannsóknarseturs í safnafræðum.

Á dagskránni voru þrjú erindi: Fyrst hélt Ólöf Kristín Sigurðardóttir safnstjóri Listasafns Reykjavíkur erindi og fjallaði um sýninga- og útgáfuverkefnið *Hlutur kvenna í íslenskri listasögu*. Brynja Sveinsdóttir forstöðumaður Gerðarsafns og Náttúrufræðistofu og þær Hulda Margrét Birkisdóttir verkefnastjóri fræðslu í Náttúrufræðistofu og Þorgerður Þórhallsdóttir verk-

efnastjóri fræðslu í Gerðarsafni, fjölluðu um verkefnið *Myndlist og náttúra: fræðsla þvert á söfn*, sem er samstarfsverkefni Gerðarsafns og Náttúrufræðistofu Kópavogs. Þriðja erindið flutti Gunnþóra Halldórsdóttir verkefnastjóri varðveislu hjá Kvikmyndasafni Íslands, og fjallaði það um kvikmyndarannsókn: *Að standa á öxlunum á sjálfum sér - Loftur Guðmundsson (1892-1952)*. Að því loknu var boðið upp á léttar veitingar og leiðsögn um sýningu Þorghildar Óskarsdóttur, Aðgát.

Öll þessi verkefni varpa ljósi á fjölbreytt starf safna sem ætlað er að stuðla að aukinni sjálfbærni og vellíðan í samfélaginu. Málþinginu var einnig streymt í gegnum Facebook en nálgast má upptöku af því á [Vimeo hér](#).

Ráðstefna um verndun menningarminja í Stokkhólmi



Dagana 11.-12. júní sóttu starfsmenn safnaráðs ráðstefnu í Stokkhólmi sem bar yfirskriftina Cultural Heritage and Cultural Resilience – Nordic-Baltic Conference on Civil Preparedness sem mætti þýða sem „Menningararfleifð og menningarlegt viðnám – norræn-baltísk ráðstefna um forvarnir“.

Forvarnir og viðbragðsáætlanir til verndunar menningarminja hafa verið í brennidepli hjá norrænum og baltískum ráðherrum menningarmála, en þeir undirrituðu viljayfirlýsingu 3. maí 2024. Þar heita ráðherrarnir nánara samstarfi á milli Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna til að mæta auknum áskorunum í menningarstarfi vegna vaxandi spennu á alþjóðavettvangi, og að setja meiri kraft í forvarnir og gerð viðbragðsáætlana til verndunar menningararfs og menningarminja, sérstaklega nú þegar viðbúnaðarstig hefur verið hækkað sökum spennu á alþjóðavettvangi og stríðsátaka í Evrópu.

Ráðstefnan var haldin í framhaldi af viljayfirlýsingunni og var markmiðið að deila þeirri reynslu sem hefur orðið til á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum og efla samstarf menningarstofnana til að standa megi betur vörð um menningararfleiðina. Fjölmarginir sérfræðingar og fulltrúar menningarmála komu saman á ráðstefnunni til að deila þekkingu og reynslu á því sviði.

Forvarnir til verndunar menningararfs



Mynd 5 - Þóra Björk Ólafsdóttir framkvæmdastjóri Safnaráðs tekur þátt í umræðum

verandi forstöðumaður Norrænu miðstöðvarinnar fyrir menningararfleifð og vopnuð átök (The Nordic Center for Cultural Heritage and Armed Conflict (CHAC)), um *Menningararfleifð og öryggi: Norðurlönd í forystu NATO* (Cultural heritage and security: A Nordic lead in NATO) og hvernig utanríkisstefnur stjórnvalda taka með ólíkum hætti á mikilvægi menningarverðmæta út frá þjóðaröryggi. Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir, annar forstöðumaður Tæknimínjasafns Íslands, hélt erindi um þann afdrifaríka dag 18. desember 2020, þegar stór aurskriða féll á fjölmörg hús í Seyðisfirði, þar á meðal á safnasvæði Tæknimínjasafnsins. Í erindi sínu fjallaði Elfa um það vandasama björgunarstarf sem fór fram í kjölfarið og vinnu við endurreisn safnsins. Þóra Björk Ólafsdóttir framkvæmdastjóri safnaráðs tók þátt í pallborðsumræðum og sagði frá stöðu mála á Íslandi þegar kemur að viðbragðsáætlunum. Nánar er fjallað um ráðstefnuna og hægt er að finna upptöku frá erindum á heimasíðu safnaráðs [hér](#).

Ráðstefnan, sem stóð yfir í tvo daga, innihélt þetta dagskrá og fjölda áhugaverðra og ólíkra erinda frá ýmsum fræðimönnum og sérfræðingum á sviði forvarna ásamt reynslusögum af söfnum og frá einstaklingum. Dagskráin spannaði yfirgrípsmikið svið varnar- og öryggismála vegna menningarminja. Fyrirlesarar og þátttakendur komu frá Danmörku, Eistlandi, Færeyjum, Finnlandi, Íslandi, Lettlandi, Litháen, Noregi, Svíþjóð og Álandseyjum.

Til að nefna nokkur dæmi fjallaði danski fræðimaðurinn Frederik Rosén, sem er nú-



Mynd 6 - Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir heldur erindi á ráðstefnunni

Árspaning Bláa skjaldarins í Rúmeníu



Safnaráð sótti árspaning og ráðstefnu alþjóðasamtaka Bláa skjaldarins dagana 9.-12. september. Ráðstefnan var haldin í Búkarest í Rúmeníu í samstarfi við Minjastofnun Rúmeníu (the Romanian National Institute for Heritage) en yfirskrift hennar var *Shielding the Past: 70 years of the Hague Convention*. Tilefnið var 70 ára afmæli Haag-sáttmáls UNESCO frá 1954 um vernd menningarverðmæta komi til vopnaðra átaka.

Alþjóðasamtök Bláa skjaldarins eiga rætur sínar að rekja til Haag-sáttmálans frá 1954 en alþjóðasamtök safna (ICOM), menningarminjastaða (ICOMOS), skjalasafna (ICA) og bókasafna (IFLA) komu að stofnun Bláa skjaldarins árið 1996. Um er að ræða frjáls félagasamtök sem vinna að verndun menningararfs sem er í hættu vegna náttúruhamfara og stríðsátaka. Samtökin samanstanda af landsnefndum og svo alþjóðlegri stjórn sem er kosin af öllum landsnefndum.

Landsnefndir Bláa skjaldarins eru víða um heim og eru nú starfandi 34 nefndir í jafnmörgum löndum og þar fyrir utan eru 9 landsnefndir í undirbúningi. Á Íslandi var landsnefnd Bláa skjaldarins stofnuð 2014 á degi Sameinuðu þjóðanna 24. október. Helstu markmið með stofnun félagsins eru að auka fagþekkingu þeirra sem starfa á menningarstofnunum um vernd menningararfsins með tilliti til þeirrar vár sem kann að steðja að honum, en þar má nefna náttúruhamfarir á borð við aurskriður, flóð, jarðskjálfta og öskufall vegna eldgosa. Allt eru þetta vágastir sem vel eru þekktir hér á landi og því er mikilvægt að huga að fyrirbyggjandi aðgerðum til verndunar menningarminja.

Á þessu afmælisári Haag-sáttmálans frá 1954 var áhersla lögð á uppbyggingu Bláa skjaldarins í austurhluta Evrópu, að hvetja til stofnunar nýrra nefnda og skapa þeim tækifæri og vettvang til að læra hver af annarri. Landsnefndir frá ýmsum löndum voru með stuttar kynningar þar sem fjallað var um formið á starfseminni í hverju landi fyrir sig og hvað væri á döf-inni.



Mynd 7 - Heiðar Lind og Klara ásamt Peter Stone forseta Bláa Skjaldarins



Mynd 8 - Mynd: Heiðar Lind Hansson, fagstjóri Þjóðskjalasafnsins og formaður Bláa skjaldarins á Íslandi

Heiðar Lind Hansson, fagstjóri gagnaskila og eftirlits Þjóðskjalasafnsins og formaður Bláa skjaldarins á Íslandi sagði frá starfsemi landsdeildarinnar á Íslandi og hvaða áherslur og verkefni væru framundan. Í öðru erindi fjallaði Heiðar um viðbrögð Þjóðskjalasafnsins vegna eldsumbrota á Reykjanesi og björgunar- aðgerðir í Grindavík, þegar starfsmenn Þjóðskjalasafnsins björguðu skjalasafni sveitarfélagsins.

Á ráðstefnunni var einnig heilsdags vinnustofa í Mogosoia-höllinni, þar sem meginmarkmiðið var að skoða hvernig mætti útfæra og framkvæma inntak Haag-sáttmálans frá

1954, með sérstakri áherslu á að gera áhættumat ef til átaka kæmi. Var vinnustofan bæði fróðleg og lærdómsrík.



Farskóli FÍSOS 2024 á Akureyri – Fagráðstefna safnafólks



Mynd 9 - Hópur safnafólks víðsvegar af landinu stillti sér upp í Flugsafni Íslands

Farskóli safnafólks í ár bar yfirskriftina *Hvert er erindið? Umbreyting í safnastarfi* og fór fram dagana 2.-4. október á Akureyri. Fagráðstefna safnafólks er vettvangur fyrir umræður um það sem ber hæst í safnastarfi, en líka tækifæri til endurmenntunar. Þetta var 36. Farskóli FÍSOS sem innihélt þetta og fjölbreytta dagskrá.

Umhverfi safna hefur tekið miklum breytingum síðastliðin ár og má þar nefna nýjan veruleika tækninnar sem er fyrirferðarmikil í samtíma okkar. Í þeim veruleika eru þó líka fólgin ný tækifæri sem þarft er að skoða og skilja hvað felst í þeim nýjungum, t.d. hvernig gervigreind geti nýst í safnastarfi. Það var eitt af þeim umfjöllunarefnum sem voru á dagskrá Farskólans að þessu sinni í þeim fjölmörgu erindum, vinnustofum, pallborðum og faghópum sem boðið var upp á. Ekki má gleyma frábærri skemmtun og skoðunarferðum um söfn Akureyrar.

Aðaldagskrá Farskólans fór fram í Hofi þar sem 17 erindi voru flutt en auk þess voru 19 vinnustofur sem fóru fram víðsvegar um bæinn. Meðal annars hélt Dagrún Ósk Jónsdóttir starfsmaður FÍSOS erindið *Safnasóknin – hver er sýn safnafólks?* Þar fjallaði Dagrún m.a. um verkefnið Safnasóknin 2024 sem snýr að því hvernig eigi að vekja athygli á því mikilvæga starfi sem fer fram á söfnum en á árinu voru haldnir fjórir vinnufundir víðsvegar um landið. Safnafólki úr hverjum landshluta var boðið á fundina til skrafs og ráðagerða og þær umræður og hugmyndir sem komu fram á fundunum fór Dagrún yfir á fyrirlestri sínum. Í framhaldinu var stofnaður hagsmunahópur safna.



Mynd 10 - Þóra Björk kynnir aðgerðaráætlun Stefnumörkunar um safnastarf

Einn mikilsverðasti sáttmáli heims, Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, var kynntur af formanni félags Sameinuðu þjóðanna, Evu Harðardóttur, og safnafólk vakið til umhugsunar um hnattræna borgaravitund. Þóra Björk Ólafsdóttir framkvæmdastjóri safnaráðs fór yfir Aðgerðaráætlun Safnaráðs og hvernig fjölmargar aðgerðanna tengjast Heimsmarkmiðunum á bæði beinan og óbeinan hátt. Sverrir Heiðar Davíðsson hugbúnaðarverkfræðingur hjá Orkuveitu Reykjavíkur leiddi safnafólk í sannleika um gervigreind og hvað felst í þeim lausnum sem gervigreind gæti opnað safnastarfi. *Nýr Sarpur - tilhlaup að nýjum Sarpi* nefndist fyrirlestur Ágústu Kristófersdóttur og bíður safnafólk spennt eftir að prófa. *MOI - sjálfsmat fyrir söfn* var kynnt af Klöru Þórhallsdóttur, sérfræðingi hjá Safnaráði, en um er að ræða verkfæri fyrir söfn sem hyggja á sjálfsmatsvinnu og er að finna [hér](#) á vef safnaráðs. Mörg fleiri áhugaverð erindi voru flutt og hægt að skoða heildardagskrána [hér](#) á vef safnafólks.

Safnaráð, ásamt Nathalie Jacqueminet forverði og Björk Hólm forstöðumanni Byggðasafnsins á Dalvík, hélt vinnustofu og kynningu á gerð viðbragðsáætlana safna ásamt [nýútgefnum leiðbeiningum](#) söfnum til stuðnings sem má finna á vef safnaráðs. Þar var rætt um ýmsar hliðar viðbragðsáætlanagerðar enda marglaga viðfangsefni sem kemur öllum sviðum safnastarfsins við. Fjölmörg söfn voru auðvitað heimsótt á Akureyri og óhætt að segja að Farskólinn sé einn mikilvægasti vettvangur safnafólks á Íslandi til að eiga samtal um verkefni dagsins í dag og kortleggja safnastarf framtíðarinnar.



Mynd 11 - Þátttakendur vinnustofunnar um viðbragðsáætlanir safna ræða málín

Haustferð safnaráðs – Vesturland



Mynd 12 - Frá sýningunni Ævintýri fuglanna í Safnahúsi Borgarfjarðar

Í nóvember fór safnaráð í sína árlegu haustferð og að þessu sinni voru fjögur söfn á Vesturlandi sótt heim. Það voru Byggðasafnið í Görðum á Akranesi, Byggðasafn Borgarfjarðar, Norska húsið – Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla og Landbúnaðarsafn Íslands. Hópurinn samanstóð af safnaráði sjálfu, forstöðumönnum höfuðsafnanna auk starfsfólks safnaráðs.

Á Akranesi tók forstöðumaður **Byggðasafnsins í Görðum**, Jón Allansson, á móti safnaráði í Stúkuhúsi sem er eitt af mörgum safnhúsum þar. Húsið, sem var upphaflega byggt sem hlaða og fjós um 1916, hefur þjónað margvíslegum tilgangi í gegnum árin og fær mögulega hlutverk sem kaffihús í framtíðinni. Safnaráð fékk að skoða sig um í Bátahúsi sem er endursmíði að gamalli fyrirmynd og geymir báta í safneign safnsins. Þar er einnig í bígerð sýning um útgerðarsögu Akraness og nærsveita en auk þess verður þar lifandi sýning þar sem unnið verður að viðhaldi og endurgerð á bátum í safneign.

Því næst lá leiðin til Borgarness þar sem **Safnahús Borgarfjarðar** var heimsótt. Forstöðumaður menningarmála, Þórunn Kjartansdóttir, tók á móti hópnum og sagði frá viðburðarriku starfi sem þar fer fram. Safnið stendur á tímamótum þar sem miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar í húsinu og spennandi tímar framundan, en neðri hæð safnsins mun hýsa safnkost og nýjar sýningar líta dagsins ljós.



Mynd 13 - Jón Allansson segir frá



Safnahúsið hýsir fimm söfn; Héraðsbókasafn og -skjalasafn, Listasafn, Náttúrugripasafn og **Byggðasafn Borgarfjarðar** sem var jafnframt eitt fyrsta safnið til að öðlast formlega viðurkenningu safnaráðs 2013. Sama ár var grunnsýning Safnahúss opnuð, *Ævintýri fuglanna*, sem stendur enn á neðri hæð hússins. Á efri hæðinni er Hallsteinssalur þar sem settar eru upp tímabundnar sýningar, oft listsýningar en einnig byggðasýningar af ýmsum stærðum og gerðum. Þar er einnig að finna Héraðsbókasafn Borgarfjarðar.

Í Stykkishólmi heimsóttum við fyrsta og elsta tvílyfta íbúðarhús Íslands eða Norska húsið svokallaða við Hafnargötu 5. Húsið, sem var reist 1832 fyrir Árna Ó. Thorlacius, var byggt úr tilsniðnum viði frá Noregi. Húsið hefur þjónað mörgum í gegnum tíðina og í dag hýsir það **Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla**.

Í safninu er ný grunnsýning sem ber heitið Hjartastaður – Sjóndeildarhringurinn með augum ungs fólks á Snæfellsnesi frá 1900 og dregur fram sjónarhorn ungs fólks á umhverfi sitt og tengingu þess við áttahagana. Þar inn í blandast saga Snæfellsness enda ótalmargir utanaðkomandi þættir í sögunni sem höfðu afgerandi áhrif á líf ungmenna á tímabilinu 1900 til samtímans. Í risi er opin safngeymsla með munum frá öllu Snæfellsnesi en þar stendur til að vinna samveru- og sýningarstað fyrir yngstu gesti safnsins.

Landbúnaðarsafn Íslands á Hvanneyri var síðasti viðkomustaðurinn



Mynd 15 - Úr Landbúnaðarsafninu

og þar tók safnstjórinn Ragnhildur Helga Jónsdóttir á móti hópnum. Þá var farið um grunnsýningu safnsins sem opnaði árið 2014 í Halldórsfjosi á Hvanneyri þar sem Landbúnaðarsafn Íslands er nú til húsa. Sýningin er á tveimur hæðum og fjallar um vélvæðingu landbúnaðarins frá aldamótum 1900 til 1980. Á sýningunni eru fjöldi verkfæra og véla sem sýna íslenska smíði og einnig þau sem hafa átt stóran þátt í þróun landbúnaðarhátta frá 1880 og fram eftir 20. öldinni. Safnkosturinn er að mestu í varðveislu Landbúnaðarsafnsins en einnig eru á sýningunni munir frá einstaklingum, Byggðasafni Borgarfjarðar og Þjóðminjasafni Íslands.

Safnaráð þakkar öllum þeim sem tóku svo vel á móti hópnum og veittu innsýn í fjölbreytt starf safna en ræddu jafnframt um spennandi framtíðaráform. Mikið og gott faglegt starf á sér stað á

söfnum um allt land. Sterk tengsl safna og samfélags voru áberandi hjá þeim söfnum sem heimsótt voru, bæði í miðlun og sýningum, sem undirstrikar framlag safna til samfélagslegrar umræðu.



Mynd 16 - Safnaráð, safnstjórar Þjóðminjasafnsins og Listasafns Íslands ásamt gestgjöfum, Hjördísi Pálsdóttur, forstöðumanni Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla og Þórunni Sigurþórsdóttur starfsmanni

Safnaráð flytur í Austurstræti 5



Frá upphafi árs 2017 var skrifstofa safnaráðs til húsa í Gimli í Lækjargötu, sem er friðlýst hús byggt árið 1905.

Starfsfólk safnaráðs kvaddi litla kastalann að Lækjargötu 3 í september og flutti í nýuppgergt húsnæði á 4. hæð í Austurstræti 5 í góðum hóp annarra menningartengdra stofnana. Þær eru Listahátíð í Reykjavík, sem er leiguhafi, List fyrir alla, Miðstöð íslenskra bókmennta, Myndlistarmiðstöð, Sviðslistamiðstöð og Improv Ísland. Á 2. hæð í sömu húsi má svo finna Tónlistarmiðstöð.



Innflutningsboð 4. hæðar

Þann 28. nóvember var haldin sameiginleg innflutningsgleði 4. hæðar til að fagna þessum áfanga og kynna nýjan stað fyrir samstarfsfólki og vinum.



Samstarfsverkefni safnaráðs

MOI! Museums of Impact



MOI! Museums of Impact er evrópskt samstarfsverkefni styrkt af Creative Europe-sjóðnum. Markmiðið var að þróa sjálfsmatsramma fyrir evrópsk söfn sem byggir á kerfi sem Finnish Heritage Agency hefur notað fyrir viðurkennd söfn í Finnlandi. Afrakstur verkefnisins var gefinn út í byrjun árs 2022 og er nú opinn öllum á heimasíðu NEMO. Þar er hægt að finna enska útgáfu MOI ásamt öðrum tungumálum en stefnt er að því að verkefnið, leiðbeiningar og

kynningarefni verði aðgengilegt á sjö tungumálum. Nú hefur allt efnið verið þýtt á íslensku og er aðgengilegt á heimasíðu safnaráðs. Með hjálp MOI! geta söfn unnið að því að bera kennsl á styrkleika sína og jafnframt finna tækifæri til úrbóta eða til frekari þróunar. Þá er ekki síður mikilvægt í þessari MOI-sjálfsvinnu að verkefnið verði til þess að auka umræður og skapa sameiginlegan skilning á verkefnum þess safns sem nýtir sér verkfærið.

Vinnuhópur MOI-matsrammans var haldinn í byrjun árs, 16. janúar, í Safnahúsinu á Hverfisgötu með völdum aðilum frá mismunandi söfnum; Borgarsögusafni Reykjavíkur, Hafnarborg, Tækniminjasafni Austurlands, Náttúrufræðistofu Kópavogs, Listasafni Reykjavíkur og Gljúfrasteini. Hugmyndin var að nýta vinnuhóp til að kynna verkefnið og rýna það með safnafólki, til að kynna verkefnið fyrir söfnum á Íslandi en ekki síður til að fá athugasemdir og ábendingar.

MOI-matsramminn samanstendur af átta matshlutum sem innihalda alls yfir 150 staðhæfingar um safnastarf. Ýtarlegar leiðbeiningar og orðalisti fylgja svo notendur geti kynnt sér efnið og hugtök sem þar er að finna. Í leiðbeiningum, sem eru nokkuð ýtarlegar, má finna útskýringar á því hvernig hægt er að nota rammann en það er undir hverju safni komið hvernig það kys að nota hann og ígrunda með hvaða hætti hann geti komið að gagni.

[Hægt að finna á heimasíðu safnaráðs hér.](#)

Samstarf safnaráðs, ICOM á Íslandi og FÍSOS



Safnaráð, ICOM á Íslandi og FÍSOS hafa verið í samstarfi um skipulag fræðsluviðburða og verkefna um safnastarf um nokkurra ára skeið. Fundað var nokkrum sinnum yfir árið og héldu samstarfsaðilarnir í sameiningu málþing þann 14. maí 2024 – **Söfn í þágu fræðslu og rannsókna** – í tilefni af Alþjóðlega safnadeginum 18. maí, sjá umfjöllun á bls. 13.

Samstarf við Hagstofu Íslands um tölfraðiupplýsingar um söfn

Safnaráð og Hagstofa Íslands hafa verið í formlegu samstarfi um söfnun tölfraðilegra upplýsinga um safnastarf á Íslandi frá árinu 2020. Samstarfið byggir á því að safnaráð safnar ákveðnum upplýsingum um safnastarf sem það veitir Hagstofunni aðgang að, en um er að ræða upplýsingar sem fengnar eru frá viðurkenndum söfnum með *Árlegri skýrslu viðurkenndra safna*. Hagstofan safnar tölulegum upplýsingum um íslenskt samfélag og má finna birtar upplýsingar um [starfsemi safna á síðu Hagstofunnar undir Talnaefni](#). Safnaráð getur einnig fengið aðgang að öðrum tölfraðilegum upplýsingum um safnastarfsemi á landinu sem Hagstofan heldur utan um.

Fjármál

Uppgjör safnaráðs 2024

Árið 2024 hafði safnasjóður til umráða 297.322.102 kr. Fjárlög hljóðuðu upp á 293.500.000 kr., sem er 5,7% hækkun frá fyrra ári. Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára var 281.131 kr. og ónýttur sjóður frá 2023 var 3.540.971 kr.

Safnasjóður 2024		
	Heimild	Greitt
Fjárheimildir		
Fjárlög	293.500.000	
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	281.131	
Samtals	293.781.131	
Flutt frá fyrra ári		
Sjóður 2023	3.540.971	
Samtals heimild 2024		297.322.102
Kostnaður		
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		27.471.739
Lögbundin hlutverk safnaráðs		3.586.929
Annar rekstur		6.993.446
Húsnæðiskostnaður skrifstofu safnaráðs		2.331.491
Styrktilfærslur 2024		
Samtals bókaðir styrkir 2024		253.595.000
Samtals greitt og bókað 31. desember 2024		293.978.605
Eftirstöðvar:		3.343.497

Samtals bókuð heildargjöld safnasjóðs 2024 voru 293.978.605 kr. og er því niðurstaða ársins afgangur upp á 3.343.497 kr., sem er á svipuðu róli og síðasta ár. Í uppgjörinu er rekstri ráðsins skipt í launagjöld, annan rekstur og lögbundin hlutverk auk styrkja úr safnasjóði.

Í bókaðar styrkveitingar 2024 fóru tæpar 253,6 m. kr., en veittir styrkir voru tæpar 235 m. kr. Glögg sjá að bókaðir styrkir eru nokkuð hærri en veittir þetta árið, það skýrist af því að veittir eldri Öndvegisstyrkir sem eru til úthlutunar á árinu 2025 voru bókaðir á fjárhagsárinu 2024², auk þess koma afþakkaðir styrkir (sem gerist reglulega) sem mínus á bókaða styrki.

Launagjöld safnaráðs eru laun og launatengd gjöld vegna starfsmanna og nefndarlauna safnaráðs. Launakostnaður var alls 27,4 m.kr. árið 2024. Hækkun á milli ára má skýra með auknu starfshlutfalli sérfræðings og aukins almenns launakostnaðar.

Kostnaður vegna lögbundins hlutverks safnaráðs árið 2024 var tæpar 3,6 m. kr. Þeir kostnaðarliðir sem teljast til lögbundins hlutverks ráðsins eru meðal annars eftirlit með viðurkenndum söfnum, kostnaður vegna yfirlesturs umsókna í safnasjóð auk ýmiss fræðslu-


² Þarna er átt við Öndvegisstyrki 2023-2025 (3. árs styrki) og 2024-2026 (2. árs styrki).

kostnaðar, svo sem efni fyrir vefsíðu sjóðsins. Nokkuð lægri kostnaður var við lögbundin verkefni safnaráðs en fyrri ár, svo sem við eftirlit og viðbragðsáætlanir safna, en má það m.a. skýra með því að undirbúningur fyrir viðbragðsverkefnið tók lengri tíma en búist var við, svo vinnan fellur meira á næsta ár. Einnig er ráðið komið langt í eftirlitsverkefninu, svo eitthvað færri verkefni féllu á þann lið.

Framlög til sjóðs og ráðs 2002 - 2024

Safnasjóður var stofnaður með safnalögum árið 2001 og var fyrst úthlutað úr sjóðnum árið 2002. Sjóðurinn er á fjárlögum á eigin fjárlaganúmeri undir menningar- og viðskiptaráðuneyti, 16-210, og hefur ekki aðrar tekjur að jafnaði en af fjárlögum.

Taflan hér fyrir neðan sýnir þróun heildarframlaga í safnasjóð frá upphafi með tilliti til úthlutunar, í milljónum króna.





III. Safnasjóður 2024

Um safnasjóð

Hlutverk og tilgangur safnasjóðs er að efla starfsemi safna með styrkjum en menningarráðherra úthlutar styrkjum úr safnasjóði að fengnum tillögum safnaráðs. Viðurkennd söfn geta sótt um styrki til skilgreindra verkefna, einnig getur safnasjóður styrkt aðra starfsemi til að efla faglegt safnastarf, m.a. rannsóknir á starfssviði sjóðsins og miðlun upplýsinga um þær. Einnig getur safnasjóður veitt styrki til alþjóðlegra verkefna sem viðurkennd söfn eru þátttakendur í. Önnur söfn, safnvísar, setur og sýningar geta notið styrks úr safnasjóði til skilgreindra verkefna í samstarfi við viðurkennd söfn.

Við úthlutun úr safnasjóði er farið eftir safnalögum nr. 141/2011³ og úthlutunarreglum safnasjóðs⁴. Einnig er verklagsreglum fylgt⁵ við mat á umsóknum úr safnasjóði. Ekki er sjálfkrafa gerð tillaga um styrk til allra umsækjenda sem uppfylla skilyrði laga um viðurkennd söfn heldur ráðast upphæðir og fjöldi styrkja af ráðstöfunarfé sjóðsins, fjölda og gæðum umsókna.

Að jafnaði er úthlutað úr safnasjóði tvisvar sinnum á ári, **aðalúthlutun úr safnasjóði** sem er í upphafi árs og svo **aukaúthlutun safnasjóðs** í lok árs.

Mat umsókna

Í matsnefnd umsókna sitja aðalfulltrúar safnaráðs og ef aðalmaður er vanhæfur, þá varamenn. Árið 2024 mátu umsóknir þau Vilhjálmur Bjarnason formaður, Gunnhildur Ásta Guðmundsdóttir varaformaður og Helga Lára Þorsteinsdóttir og Inga Lára Baldvinsdóttir aðalmenn í safnaráði.

Tveir fundir voru haldnir vegna aðalúthlutunar fyrir úthlutunarfundinn sjálfan, en fyrir aukaúthlutun var einn fundur haldinn fyrir úthlutunarfundinn.

³ Sjá á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011141.html>

⁴ Sjá á vef safnaráðs: <https://safnarad.is/safnasjodur/uthlutunarreglur/>

⁵ Sjá á vef safnaráðs: <https://safnarad.is/safnasjodur/verklagsreglur/>

Umsóknavefur safnasjóðs

Sótt er um alla styrki í gegnum umsóknavef safnaráðs⁶ auk þess sem skilaskýrslum um nýtingu styrkja er skilað þar. Vefsíða og eyðublöð safnaráðs eru í stöðugri þróun til að tryggja aðgengi og öryggi. Vefurinn byggir á kerfinu *FocalForms* frá Origo sem er rafrænt umsóknakerfi og til að gæta fyllsta öryggis skrá umsækjendur sig inn í gegnum Ísland.is með rafrænum skilríkjum eða Íslykli. Þessi aðgangur uppfyllir öryggisskilmála og umsjón með honum er í höndum Þjóðskrár. Kerfið er einfalt en er komið til ára sinna og standa vonir til þess að það náist að taka nýtt kerfi í notkun fyrir þær umsóknir sem sjóðurinn fær árið 2025.

Aðalúthlutun úr safnasjóði 2024

SAFNARÁÐ
AUGLÝSIR EFTIR
UMSÓKNUM
UM STYRKI ÚR

AÐALÚTHLUTUN
SAFNASJÓÐS 2024

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL KL. 16.00 MIÐVIKUDAGINN 1. NÓVEMBER 2023

STYRKIR TIL EINS ÁRS
Viðurkennd söfn geta sótt um styrki til eins árs, einnig geta viðurkennd söfn sótt um styrki í samstarfi við önnur söfn, höfuðsöfn, safnvísa, setur eða sýningar. Sjóðnum er einnig heimilt að styrkja aðra starfsemi til að efla faglegt safnastarf.

ÖNDVEGISSTYRKIR - STYRKIR TIL 2-3 ÁRA
Öndvegisstyrkjum er úthlutað til 2-3 ára með fyrirvara um fjármögnun sjóðsins og hægt er að sækja um allt að 15 milljónir króna í heildarstyrk yfir styrktímann. Einungis viðurkennd söfn geta sótt um Öndvegisstyrki í safnasjóð.

Upplýsingar um safnasjóð, umsóknareyðublöð, úthlutunarreglur og leiðbeiningar má finna á vef safnaráðs, safnarad.is og hjá framkvæmdastjóra safnaráðs, Þóru Björk Ólafsdóttur, thora@safnarad.is.

Hlutverk safnasjóðs er að styrkja starf þeirra safna sem falla undir safnalög nr. 141/2011. Menningarráðherra úthlutar styrkjum úr safnasjóði að fengnum tillögum safnaráðs.



Safnaráð
The Museum Council
of Iceland

Lækjargötu 3/101 Reykjavík/Sími 534 2234/safnarad@safnarad.is/www.safnarad.is

Styrkir í aðalúthlutun safnasjóðs eru annað hvort til *eins árs* eða 2-3 ára.

Öndvegisstyrkir. Einungis viðurkennd söfn geta sótt um Öndvegisstyrki úr safnasjóði. Í styrkjum til eins árs er bæði hægt að sækja um styrki sem falla undir reglur um verkefnastyrki (flokkar a-h) og um styrki sem falla undir reglur um rekstrarstyrki (flokkur i).

Umsóknarfrestur fyrir aðalúthlutun safnasjóðs 2024 var 1. nóvember 2023. Auglýst var í dagblöðum (Morgunblaðinu og Heimildinni) auk þess sem auglýsingar voru keyptar á samfélagsmiðlinum Facebook. Einnig voru tilkynningar sendar á tölvupósthópa safnaráðs, á lista safnafólks og tilkynningar voru birtar á vef safnaráðs og víðar. Safnaráð hélt stafrænan kynningarfund um aðalúthlutunina í október 2023 og var hann vel sóttur.

Styrkir til eins árs

Viðurkennd söfn geta sótt um styrki til eins árs⁷ auk þess sem önnur söfn, höfuðsöfn, safnvísar, setur og sýningar geta sótt um úthlutun úr safnasjóði í samstarfi við viðurkennd söfn, þar sem viðurkennda safnið er ábyrgðaraðili. Sjóðnum er einnig heimilt að styrkja aðra starfsemi til að efla faglegt safnastarf, m.a. rannsóknir á starfssviði sjóðsins og miðlun upplýsinga um þær. Verkefnastyrkir sem og rekstrarstyrkir eru hluti af styrkjum til eins árs.

Sótt er um einn aðalflokk styrks í styrkumsókn. Styrkflokkarnir eru níu talsins, við mat á umsóknum í öllum flokkum nema einum er fylgt eftir reglum um verkefnastyrki sem fram koma í safnalögum nr. 141/2011 og úthlutunarreglum safnasjóðs nr. 551/2016. Í einum flokki, *Efling grunnstarfsemi*, er farið eftir umsóknar- og úthlutunarreglum um rekstrarstyrki sem fram koma í safnalögum nr. 141/2011 og úthlutunarreglum safnasjóðs nr. 551/2016.

⁶ Sjá á vef safnaráðs: <https://safnarad.is/umsoknavefur/>

⁷ Sjá á vef safnaráðs: <https://safnarad.is/safnasjodur/adaluthlutun-safnasjods/>

Flokkarnir eru:

- a. Söfnun
- b. Skráning
 - i. Skráning – almenn
 - ii. Skráning – höfundarréttur
- c. Varðveisla
- d. Rannsóknir
- e. Miðlun
 - i. Miðlun – Sýning
 - ii. Miðlun – Útgáfa
 - iii. Miðlun – Stafræn miðlun
 - iv. Miðlun – Önnur
- f. Safnfræðsla
- g. Samstarf viðurkennds safns við safnvísa, setur, sýningar, höfuðsöfn og önnur söfn sem eru rekin af ríkinu
- h. Annað

Öndvegisstyrkir

Öndvegisstyrkir⁸ eru styrkir sem úthlutað er til 2-3 ára með fyrirvara um fjármögnun sjóðsins. Einungis viðurkennd söfn geta sótt um Öndvegisstyrki úr safnasjóði.

Hægt er að sækja um allt að 15 milljónir króna sem dreift er yfir styrktímann. Gerðar eru kröfur um greinargóðar og vel undirbúnar umsóknir og um framlag umsækjanda. Þá er krafa um staðfestingu á öðrum styrktaraðilum og í hverju aðkoma þeirra felst (t.d. fjárframlag, vinnuframlag og til hvaða hluta verkefnis styrkurinn rennur). Þá ber að geta safnasjóðs sem styrktaraðila. Styrkþegar og safnaráð gera samning sín á milli um styrkinn og skila styrkþegar áfangaskýrslu um framvindu styrksins á ári hverju.

Aukaúthlutun úr safnasjóði 2024

Í aukaúthlutun safnasjóðs árið 2024 gátu viðurkennd söfn sótt um styrki til símenntunarverkefna og til stafrænna kynningarmála. Umsóknarfrestur var til 25. nóvember 2024.

Styrkir til stafrænna kynningarmála. Tilgangur með þessum styrkjum er að efla stafræna kynningu safnanna, hvort sem það er á samfélagsmiðlum eða á eigin heimasíðum. Lögð er áhersla á að styrkurinn efli safnið sem viðkomustað fyrir gesti eða kynni starfsemi safnsins. Hægt var að sækja um styrki t.d. til að framleiða efni til birtingar (e. *content*), til að kosta birtingu, til að fá utanaðkomandi þjónustu, til að efla kynningu á samfélagsmiðlum eða heimasíðum eða til kynningar á starfsemi safnsins svo fátt eitt sé nefnt. Hámarksstyrkur var 300.000 kr.

Styrkir til símenntunar. Tilgangur með þessum styrkjum er að styrkja faglegt starf safnanna og efla þátt símenntunar. Fjórir styrkflokkar voru í boði, *Símenntun fyrir starfsmenn safns*, *Vistaskipti milli safna*, *Námskeið/fyrirlesarar – Söfn sækja ein og svo Námskeið/fyrirlesarar – Samstarfsverkefni viðurkenndra safna*. Hámarksstyrkur var 300.000 kr. en hægt var að sækja um að hámarki 600.000 kr. til samstarfsverkefna safna vegna *Námskeiða/fyrirlesara*.

Úthlutanir úr safnasjóði 2024

⁸ Sjá á vef safnaráðs: <https://safnarad.is/safnasjodur/adaluthlutun-umsoknir-til-2-3-ara-ondvegisstyrkur/>



Á árinu 2024 úthlutaði menningar-
ráðherra, að fenginni umsögn
safnaráðs, alls 234.795.000
krónum úr safnasjóði og alls voru
veittir 192 styrkir.

Í aðalúthlutun safnasjóðs árið 2024
í janúar veitti Lilja Alfreðsdóttir,
menningar- og viðskiptaráðherra
alls 176.335.000 krónur í 109
styrkjum auk 9 eldri Öndvegis-
styrkja, samtals 118 styrkir.

Veittir voru 107 styrkir til eins árs
að heildarupphæð 166.335.000 kr.

til 46 styrkþega.

Veittir voru 2 **Öndvegisstyrkir 2024-2026** til viðurkenndra safna sem skiptast svo: fyrir árið
2024 kr. 10.000.000, fyrir árið 2025 kr. 10.000.000 og fyrir árið 2026 kr. 10.000.000. Heildar-
upphæðin fyrir allan styrktímann er 30.000.000 kr. Úthlutanir fyrir árin 2025 og 2026 eru
veittar með fyrirvara um fjármögnun safnasjóðs.

Eldri Öndvegisúthlutanir fyrir árið 2024 voru 9 talsins og styrkupphæð fyrir árið 2024 var
34.800.000 kr.

Fyrir aðalúthlutun safnasjóðs 2024 bárust sjóðnum alls 150 umsóknir frá 53 aðilum, að
heildarupphæð rúmar 312 milljónir króna. Umsækjendur voru 42 viðurkennd söfn, fjögur
félagasamtök og tveir einstaklingar. 147 umsóknir bárust um styrki til eins árs að heildar-
upphæð rúmar 293 milljónir króna, en einn aðili dró þrjár umsóknir til baka.

Þrjár umsóknir um Öndvegisstyrki bárust, að heildarupphæð 39.000.000 kr. fyrir allan styrk-
tímann 2024 – 2026, þar af 13.000.000 kr. fyrir árið 2024.

Í aukaúthlutun safnasjóðs í lok árs 2024 úthlutaði Logi Einarsson, menningar-, nýsköpunar-
og háskólaráðherra alls 23.660.000 kr. Þá var 74 styrkjum úthlutað til 38 viðurkenndra safna,
53 styrkir fóru til símenntunarverkefna og námskeiðahalds og 21 styrkur til stafrænna kynn-
ingarmála.

Samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins leggur safnaráð faglegt mat á gæði verkefna og
metur styrkhæfi umsókna með tilliti til verkefna og gildis þeirra fyrir safnastarf almennt.
Safnaráð gerir tillögu til menningarráðherra um upphæð styrkja. Ekki er sjálfkrafa úthlutað til
allra verkefna sem standast lágmarksviðmið safnaráðs heldur ráðast upphæðir og fjöldi
styrkja af fjölda og gæðum umsókna. Af þessu leiðir að sumir umsækjendur fá ekki styrk úr
sjóðnum.

Öndvegisstyrkþegar 2024-2026

Öndvegisstyrkir 2024-2026 til viðurkenndra safna voru tveir talsins, 10.000.000 alls árlega 2024-2026, alls 30.000.000 kr. Úthlutanir fyrir árin 2025 og 2026 eru veittar með fyrirvara um fjármögnun safnasjóðs. Styrkirnir eru eftirfarandi:

Borgarsögusafn Reykjavíkur: *Umsýsla safnkosts í nýju varðveisluhúsi Borgarsögusafns Reykjavíkur – skráning, ljósmyndun, umpökkun og rannsóknir.*

Heildarstyrkur er kr. 15.000.000 og skiptist á þrjú ár (með fyrirvara um fjármögnun safnasjóðs); fyrir árið 2024 kr. 5.000.000, 2025 kr. 5.000.000 og lokaárið 2026 kr. 5.000.000.



Mynd 17 - Borgarsögusafn tekur við Öndvegisstyrk

Í kjölfar þess að safnið fékk afnot af nýju varðveislurými þarf að tryggja öfluga og markvissa framkvæmd verkefnisins sem er margþætt. Samhliða flutningum verður farið vandlega yfir safnkostinn, hann flokkaður og metinn, ásamt því að allar skrár verða yfirfarnar. Brýnt er að meta ástand, forverja og ljósmynda og í framhaldinu búa vel að hverjum grip á nýjum stað. Um leið verður öryggi safngripa með skráningu eftt með ítarlegri yfirferð, þrífum, pökkun og ljósmyndun og þannig verður aðgengi almennings og fræðafólks að gripum safnsins í gegnum vefinn sarpur.is enn betra í kjölfarið. Auk þess styrkist

innra starf safnsins til muna, bæði fagmennska, þekking og færni starfsfólks. Með nýju og betra varðveisluhúsnæði eykst aðgengi og heildaryfirsýn starfsfólks yfir safnkostinn til muna sem gerir því kleift að vinna með safngripina af meiri nákvæmni og fagmennsku.

Kvikmyndasafn Íslands: *Kvikmyndarannsóknir á Kvikmyndasafni Íslands: Að standa á öxlunum á sjálfum sér; Loftur Guðmundsson (1892-1952).*

Heildarstyrkur er kr. 15.000.000 og skiptist á þrjú ár (með fyrirvara um fjármögnun safnasjóðs); fyrir árið 2024 kr. 5.000.000, 2025 kr. 5.000.000 og lokaárið 2026 kr. 5.000.000.



Rannsóknir á kvikmyndum í árdaga kvikmyndagerðar á Íslandi hafa verið takmarkaðar og þörfin fyrir að draga þá sögu fram er knýjandi. Kvikmyndasafn Íslands hefur það hlutverk að stuðla að rannsóknum og efla kvikmyndamenningu á Íslandi. Það kvikmyndaefni sem á að rannsaka sérstaklega á næstu þremur árum er ævistarf Lofts Guðmundssonar, ljósmyndara og kvikmyndagerðarmanns, sem starfaði við kvikmyndagerð á árunum 1925-1951 er hann féll frá. Jafnframt á að kortleggja

kvikmyndagerð Íslendinga og þeirra sem hér voru við slík störf á árunum frá 1900 til 1935.

Nokkrir tugir mynda frá þessu tímabili eru varðveittir á Kvikmyndasafni Íslands og leitast verður við að svara spurningum á borð við: „Hverjir voru þessir menn og fyrir hverja gerðu þeir myndir?“, „Hvernig fóru þeir að og hvernig var fjármögnun þeirra háttað?“



Mynd 18 - Kvikmyndasafn tekur við Öndvegisstyrk

Listi yfir úthlutanir úr safnasjóði 2024

Styrkþegi	Verkefni	Úthlutun	Styrkupp- hæð
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Barnamenningarhönnun og inngilding - Vaxtarverkir	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.000.000
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Samband tilfinninga og menningararfs - námskeið	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.150.000
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Gunnar V. Andrússon - Fréttaljósmyndari í 50 ár	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.200.000
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Vistaskipti og jafningjafræðsla	Aukaúthlutun	300.000
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Umsýsla safnkosts í nýju varðveisluhúsi Borgarsögusafns Reykjavíkur - skráning, ljósmyndun, umpökkun og rannsóknir	Öndvegisstyrkur 24-26 - úthlutað 2024	5.000.000
Borgarsögusafn Reykjavíkur auk fleiri safna f.h. Rekstrarfélags Sarps	Sarpur: Uppfærsla menningarsögulegs skráningar- og umsýslukerfis	Öndvegisstyrkur 22-24 - úthlutað 2024	4.800.000
Byggðasafn Árnesinga	Gullspor	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.000.000
Byggðasafn Árnesinga	Góðir hlutir gerast hægt	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.400.000
Byggðasafn Árnesinga	Skráning í Sarp: Byggðasafn Ölfuss	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.800.000
Byggðasafn Árnesinga	Efling heimasíðu Byggðasafns Árnesinga	Aukaúthlutun	300.000
Byggðasafn Borgarfjarðar	Farskóli safnafólks 2025 - Selfoss	Aukaúthlutun	300.000
Byggðasafn Garðskaga	Símenntun - Farskóli og námskeið á vegum FISOS 2025	Aukaúthlutun	300.000
Byggðasafn Garðskaga	Varðveisla fornbáta: Hvar eigum við að draga mörkin?	Aukaúthlutun	600.000
Byggðasafn Hafnarfjarðar	Frá Bookless til Bæjarútgerðar	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	500.000
Byggðasafn Hafnarfjarðar	Færanlegi sýningarskápurinn	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.000.000
Byggðasafn Hafnarfjarðar	Þemasýning í Pakkhúsi	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.200.000
Byggðasafn Hafnarfjarðar	28th Berlin EVA - Conference	Aukaúthlutun	300.000
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna	Skráning í Sarp	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.500.000
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna	Barnaskólahúsið - Betri varðveisluaðstaða	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	3.000.000

Styrkþegi	Verkefni	Úthlutun	Styrkupp- hæð
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna	Farskóli FÍSOS	Aukaúthlutun	200.000
Byggðasafn Reykjanesbæjar	Móttaka skólahópa og almennra gesta í Stekkjarkoti	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.000.000
Byggðasafn Reykjanesbæjar	Viðbrögð við eftirliti: UV-filmur og gar-dínur í sýningarsölum	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.200.000
Byggðasafn Reykjanesbæjar	Skráning ljósmyndasafns í Sarp	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	3.000.000
Byggðasafn Reykjanesbæjar	Ráðgjöf um stafræna markaðssetningu	Aukaúthlutun	300.000
Byggðasafn Reykjanesbæjar	Þátttaka í Farskóla FÍSOS 2025	Aukaúthlutun	300.000
Byggðasafn Reykjanesbæjar	Ný grunnsýning Byggðasafns Reykjanesbæjar	Öndvegisstyrkur 23-25 - úthlutað 2024	6.000.000
Byggðasafn Skagfirðinga	Heildaryfirsýn safnkosts	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.250.000
Byggðasafn Skagfirðinga	Safn og samfélag	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.500.000
Byggðasafn Skagfirðinga	Úrbætur varðveisluskilyrða safngripa á grunnsýningunni í Glaumbæ	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.500.000
Byggðasafn Skagfirðinga	Miðlun, markaðssetning og fræðsla	Aukaúthlutun	300.000
Byggðasafn Skagfirðinga	Allsherjarþing ICOM í Dubai 2025	Aukaúthlutun	300.000
Byggðasafn Skagfirðinga	Torfhleðslu- og grindarsmíðinámskeið í Skagafirði	Aukaúthlutun	300.000
Byggðasafn Skagfirðinga	Örmálstofur á hringferð um Tröllaskagann	Aukaúthlutun	500.000
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla - Norska húsið	Skotthúfan 2024	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	750.000
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla - Norska húsið	Endurnýjun á búnaði og efling faglegs starfs	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	875.000
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla - Norska húsið	Baðstofan á Snæfellsnesi	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.000.000
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla - Norska húsið	Skráning safnmuna	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.000.000
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla - Norska húsið	Náms- og kynnisferð til Færeyja	Aukaúthlutun	300.000
Byggðasafn Vestfjarða	Endurnýjun ljósa og öryggiskerfis í varðveislurými	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.000.000
Byggðasafn Vestfjarða	Saga kaupstaðar - Neðstikaupstaður í fortíð og nútíð	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.000.000

Styrkþegi	Verkefni	Úthlutun	Styrkupp- hæð
Byggðasafn Vestfjarða	Samvinna	Aukaúthlutun	260.000
Byggðasafn Vestfjarða	Hver erum við? - kynning á starfsemi Byggðasafns Vestfjarða	Aukaúthlutun	300.000
Byggðasafn Vestfjarða	Farskóli safnafólks 2025	Aukaúthlutun	300.000
Byggðasafn Vestfjarða	Endurskoðun grunnsýningar	Öndvegisstyrkur 23-25 - úthlutað 2024	2.500.000
Byggðasafnið á Garðskaga	Miðlun - sýningar í stækkuðum sýningarsal	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	840.000
Byggðasafnið á Garðskaga	Skráning ljósmynda og muna í Sarp.is	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.650.000
Byggðasafnið Hvoll	Farskóli FÍSOS - Fagraðstefna safnafólks 2025	Aukaúthlutun	300.000
Byggðasafnið í Görðum, Akranesi	Skráning safngripa í Sarp	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.000.000
Byggðasafnið í Görðum, Akranesi	Miðlun sýninga á Safnasvæðinu í Görðum, Akranesi	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.500.000
Byggðasafnið í Görðum, Akranesi	Efling stafrænnar kynningar á Byggðasafninu í Görðum, Akranesi	Aukaúthlutun	300.000
Byggðasafnið í Görðum, Akranesi	Farskóli FÍSOS 2025 á Suðurlandi	Aukaúthlutun	300.000
Byggðasafnið í Skógum	Forvarsla myndlistarverka úr pappír og ljósmynda	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.400.000
Byggðasafnið í Skógum	Forvarsla textíla á grunnsýningu Skóga-safns	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.500.000
FÍSOS - Félag íslenskra safna og safnafólks	Alþjóðlegi safnadagurinn á Íslandi, 18. maí 2024	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	700.000
FÍSOS - Félag íslenskra safna og safnafólks	Safnablaðið Kvistur, 11. tbl.	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.000.000
FÍSOS - Félag íslenskra safna og safnafólks	Farskóli FÍSOS 2024 - Akureyri	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.000.000
Flugsafn Íslands	Loftleiðir 80 ára - sérsýning	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.200.000
Flugsafn Íslands	Fróðleikur um flug - safnfræðsla fyrir unglingastig	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.200.000
Flugsafn Íslands	Sýningarskrá fyrir grunnsýningu og gerð sýningartexta	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.250.000
Flugsafn Íslands	Flugsagan í myndum - skönnun og skráning ljósmynda	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.500.000
Flugsafn Íslands	Pátttaka í Farskóla Félags íslenskra safna og safnafólks árið 2025	Aukaúthlutun	300.000

Styrkþegi	Verkefni	Úthlutun	Styrkupp- hæð
Gerðarsafn - Listasafn Kópavogs	Varðveisla listaverka úr safneign	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.200.000
Gerðarsafn - Listasafn Kópavogs	30 ára afmælishátíð Gerðarsafns	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.000.000
Gerðarsafn - Listasafn Kópavogs	Alþjóðleg ráðstefna á mótum myndlistar og náttúru	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.200.000
Gerðarsafn - Listasafn Kópavogs	Stafræn kynning á Gerðarsafni í borgarumhverfi	Aukaúthlutun	300.000
Gerðarsafn - Listasafn Kópavogs	Símenntun í listasöfnum í London	Aukaúthlutun	300.000
Gerðarsafn - Listasafn Kópavogs	Námskeið í bestun á samfélagsmiðlum	Aukaúthlutun	300.000
Gerðarsafn - Listasafn Kópavogs og Náttúrustofa Kópavogs	Náttúra í gegnum linsu myndlistar	Öndvegisstyrkur 23-25 - úthlutað 2024	4.000.000
Gljúfrasteinn - hús skáldsins	„Þar ríkir fegurðin ein“ - Málþing um virði listarinnar	Aukaúthlutun	600.000
Gljúfrasteinn - hús skáldsins	Gljúfrasteinn í 20 ár - nýr kafli	Öndvegisstyrkur 23-25 - úthlutað 2024	4.000.000
Grasagarður Reykjavíkur	Bætt loftslagsstýring í gróðurhúsum Grasagarðs Reykjavíkur	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	3.000.000
Grasagarður Reykjavíkur	Ferð á alþjóðlegt fræðsluþing grasagarða	Aukaúthlutun	300.000
Grasagarður Reykjavíkur	Fundur norrænna grasagarða í Reykjavík 2025	Aukaúthlutun	300.000
Hafnarborg - menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar	Landnám, einkasýning Péturs Thomsen	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.500.000
Hafnarborg - menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar	Á mínu máli - safnfræðsla á erl. tungumálum	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.500.000
Hafnarborg - menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar	Farskóli FÍSOS 2025	Aukaúthlutun	300.000
Hafnarborg - menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar	Vistaskipti Hafnarborgar og Louisiana í Danmörku	Aukaúthlutun	300.000
Heimilisiðnaðarsafnið	Skráning í Sarp - gagnasafn H.B. (munstur og efnisgerð)	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	900.000
Heimilisiðnaðarsafnið	Uppfærsla öryggiskerfis	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.000.000
Heimilisiðnaðarsafnið	Styrkjandi forvarsla	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.000.000
Heimilisiðnaðarsafnið	Afskekktir staðir - fyrirlestur	Aukaúthlutun	200.000

Styrkþegi	Verkefni	Úthlutun	Styrkupp- hæð
Heimilisiðnaðarsafnið	Fót festa á samfélagsmiðlum	Aukaúthlutun	300.000
Heimilisiðnaðarsafnið	Símenntun fyrir starfsmenn safns - ferða- og fundastyrkur	Aukaúthlutun	300.000
Hvalasafnið á Húsavík	Sýningarstjórnun í stafrænu umhverfi	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	800.000
Hvalasafnið á Húsavík	Þýðing á textum með hjálp spjaldtölva	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	800.000
Hvalasafnið á Húsavík	Hnýðingur - hreinsun og uppsetning	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.500.000
Hvalasafnið á Húsavík	Efni fyrir samfélagsmiðla	Aukaúthlutun	100.000
Hvalasafnið á Húsavík	Þjónustunámskeið Effect	Aukaúthlutun	300.000
Hvalasafnið á Húsavík	Hvalaráðstefnan 2025	Aukaúthlutun	300.000
Hvalasafnið á Húsavík	Heildræn sýningarhönnun til framtíðar	Öndvegisstyrkur 20-22 (frestaður til 2024)	2.000.000
Hönnunarsafn Íslands	Bók um Svein Kjarval eftir Arndísi S. Árnadóttur	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.500.000
Hönnunarsafn Íslands	Átak í skráningu og grisjun - framhald	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.500.000
Hönnunarsafn Íslands	Hönnuðir í opinni vinnustofu - lifandi sýning	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.500.000
Hönnunarsafn Íslands	Heimsókn á Arkitektatvíðeringinn í Fen- eyjum 2025	Aukaúthlutun	250.000
Iðnaðarsafnið á Akureyri	Farskóli FÍSOS á Selfossi	Aukaúthlutun	300.000
Íslandsdeild ICOM	Íslensku safnaverðlaunin 2024	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.000.000
Kvikmyndasafn Íslands	Umsókn um styrk til skráningar á ný- skönnuðu efni af formötum sem liggja undir skemmdum	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	3.000.000
Kvikmyndasafnið	Kvikmyndarannsóknir á Kvikmyndasafni Íslands: Að standa á öxlunum á sjálfum sér; Loftur Guðmundsson (1892-1952)	Öndvegisstyrkur 24-26 - úthlutað 2024	5.000.000
Landbúnaðarsafn Íslands	Lifandi safn með sjálfbóðaliðum Fergusonfélagsins	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	600.000
Landbúnaðarsafn Íslands	Fjölþættari miðlun á Landbúnaðarsafni	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.100.000
Landbúnaðarsafn Íslands	Stafræn kynningamál	Aukaúthlutun	300.000

Styrkþegi	Verkefni	Úthlutun	Styrkupp- hæð
Landbúnaðarsafn Íslands	Stóra ráðstefnuárið	Aukaúthlutun	300.000
Landbúnaðarsafn Íslands	Saga laxveiða í Borgarfirði	Öndvegisstyrkur 22-24 - úthlutað 2024	4.500.000
Listasafn ASÍ	Bættur umbúnaður lykilverka	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.000.000
Listasafn ASÍ	Tvær sýningar - tveir staðir	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.600.000
Listasafn ASÍ	Endurskipulagning samfélagsmiðla safnsins	Aukaúthlutun	300.000
Listasafn Árnesinga	Einkasýning Sigurðar Guðjónssonar	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.300.000
Listasafn Árnesinga	Ný Sýn, fjórar einkasýningar	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.500.000
Listasafn Árnesinga	Þýðing vefsíðu yfir á pólsku	Aukaúthlutun	300.000
Listasafn Árnesinga	Pori-listasafn Finnlandi	Aukaúthlutun	300.000
Listasafn Einars Jónssonar	Skráning safnmuna: gripir, ljósmyndir og filmur	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.000.000
Listasafn Einars Jónssonar	Innblástur höggmyndarans. Miðlun bókaeignar í Listasafni Einars Jónssonar	Aukaúthlutun	300.000
Listasafn Einars Jónssonar	Vinnustofa um aukna þátttöku safn- gesta (e. visitor engagement techniques)	Aukaúthlutun	600.000
Listasafn Einars Jónssonar	100 ára afmæli fyrsta listasafns landsins sem opnað var almenningi í eigin hús- næði	Öndvegisstyrkur 22-24 - úthlutað 2024	2.000.000
Listasafn Háskóla Íslands	Þorvaldur Skúlason í tímaröð	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.500.000
Listasafn Reykjanesbæjar	Listasmiðjur barna	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	400.000
Listasafn Reykjanesbæjar	Ljósanætorsýning	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	800.000
Listasafn Reykjanesbæjar	Einkasýning Ívars Valgarðssonar	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.400.000
Listasafn Reykjanesbæjar	Búnaður í nýju varðveisluhúsnæði Lista- safns Reykjanesbæjar	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.500.000
Listasafn Reykjanesbæjar	Námsferð á Farskóla FÍSOS	Aukaúthlutun	250.000
Listasafn Reykjanesbæjar	Prír viðburðir hjá Listasafni Reykjanes- bæjar	Aukaúthlutun	300.000

Styrkþegi	Verkefni	Úthlutun	Styrkupp- hæð
Listasafn Reykjanesbæjar	Fræðsluferð til Helsinki	Aukaúthlutun	300.000
Listasafn Reykjavíkur	Áfram inngilding	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	800.000
Listasafn Reykjavíkur	Forvarsla á teikningum eftir Jóhannes Kjarval	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.000.000
Listasafn Reykjavíkur	D-vítamín	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.800.000
Listasafn Reykjavíkur	Áttthagamálverkið	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.800.000
Listasafn Reykjavíkur	Pólsk samtímalist	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.500.000
Listasafn Reykjavíkur	Styrkur til að efla stafræn kynningarmál Listasafns Reykjavíkur	Aukaúthlutun	300.000
Listasafn Reykjavíkur	Símenntunarferð starfsmanna Listasafns Reykjavíkur	Aukaúthlutun	300.000
Listasafn Reykjavíkur	Ráðstefna í samstarfi. Vasulka og vi- deolist	Aukaúthlutun	600.000
Listasafnið á Akureyri	Vangaveltur um myndlist - Skapandi fræðsluleikur fyrir fjölskyldur	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	400.000
Listasafnið á Akureyri	A! Gjörningahátíð 2024	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.000.000
Listasafnið á Akureyri	Er þetta norður? / Is this North?	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	3.000.000
Menningarmiðstöð Horna- fjarðar	Umhverfing 5	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.500.000
Menningarmiðstöð Horna- fjarðar	Textílhaut á Hornafirði	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.500.000
Menningarmiðstöð Horna- fjarðar	Forvörn og stöðumat - áframhald	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.000.000
Menningarmiðstöð Þingey- inga	Forvarsla ný myndlistarverka úr Mynd- listarsafni Þingeyinga	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.000.000
Menningarmiðstöð Þingey- inga	Textagerð og miðlun fræðsluefnis á Byggðasafni Norður-Þingeyinga að Snartarstöðum	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.000.000
Menningarmiðstöð Þingey- inga	Upplyfting og betrubætur á fastasýn- ingu Sjóminjasafns Þingeyinga	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	3.300.000
Menningarmiðstöð Þingey- inga	Landsbyggðarráðstefna Félags þjóð- fræðinga	Aukaúthlutun	300.000
Menningarmiðstöð Þingey- inga	Tímamót í skráningu, varðveislu og miðlun hjá Myndlistarsafni Þingeyinga	Öndvegisstyrkur 23-25 - úthlutað 2024	5.000.000

Styrkþegi	Verkefni	Úthlutun	Styrkupp- hæð
Minjasafn Austurlands	Kjarval á Austurlandi	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.000.000
Minjasafn Austurlands	Farskóli FÍSOS á Selfossi	Aukaúthlutun	300.000
Minjasafn Austurlands	Námskeið um björgun safngripa	Aukaúthlutun	600.000
Minjasafn Egils Ólafssonar	Forvarsla textíla 2024	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.200.000
Minjasafnið á Akureyri	Tuskur og aðrir ræflar - forvarsla textíl-gripa	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.700.000
Minjasafnið á Akureyri	Skráning sérsafna - Nonnahús og Íslandskortasafn	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.200.000
Minjasafnið á Akureyri	Ljósmyndir Önnu Schiöth - sýning	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.200.000
Minjasafnið á Akureyri	Farskóli á Selfossi	Aukaúthlutun	300.000
Minjasafnið á Akureyri	Vistaskipti og jafningjafræðsla	Aukaúthlutun	300.000
Minjasafnið á Bustarfelli	Íslenska ullin - miðlun og fræðsla	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	350.000
Minjasafnið á Bustarfelli	Oddný A. Methúsalemsdóttir - listræni frumkvöðullinn	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	450.000
Minjasafnið á Bustarfelli	Varðveisla menningararfða - Bustar-fellsdagurinn	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	550.000
Minjasafnið á Bustarfelli	Efling á stafrænni kynningu	Aukaúthlutun	300.000
Náttúrufræðistofa Kópavogs	Forvarsla og yfirferð safneignar	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	3.000.000
Náttúrufræðistofa Kópavogs	Mánudagsmolar og föstudagsflóra - Fræðslu- og kynningarherferð Náttúru-fræðistofu Kópavogs	Aukaúthlutun	300.000
Náttúrufræðistofa Kópavogs	Símenntun í vísindasöfnum í Portúgal	Aukaúthlutun	300.000
NKF-IS félag norrænna for-varða - Ísland	Fyrstu viðbrögð við vá - framhald fyrir safnafólk	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.920.000
Nýlistasafnið	Safneignarsýning með Sæmundi Þór Helgasyni	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	900.000
Nýlistasafnið	Anna Hrund Másdóttir – einkasýning	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	900.000
Nýlistasafnið	Umbætur í safneign: Aðbúnaður textíl-verka, teikninga og annarra tvívíðra verka	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.700.000

Styrkþegi	Verkefni	Úthlutun	Styrkupp- hæð
Nýlistasafnið	Umbætur á heimasíðu safnsins	Aukaúthlutun	300.000
Nýlistasafnið	Efling þekkingar – vistaskipti við sam- starfsaðila í Frakklandi og Noregi	Aukaúthlutun	300.000
Nýlistasafnið	Verkferlar og varðveisla á tímatengdum miðlum – Ferð starfsmanna Nýló til Nasjónalmuseet, Osló	Aukaúthlutun	300.000
Rekstrarfélag Sarps	Gagnaflutningar í nýtt skráningarkerfi	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.650.000
Safnahús Borgarfjarðar	Varðveislurými - bætt aðstaða	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	400.000
Safnahús Borgarfjarðar	Munir frá Húsmæðraskóla Varmalandi skráðir og ljósmyndaðir	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	950.000
Safnasafnið	Skráning í Sarp	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	800.000
Safnasafnið	Rannsókn 1901-1969+	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	800.000
Safnasafnið	Sýningar 2024	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	900.000
Safnasafnið	Lifandi myndefni fyrir heimasíðu og samfélagsmiðla	Aukaúthlutun	300.000
Safnasafnið	Þátttaka í ársþingi og ráðstefnu EOAA	Aukaúthlutun	300.000
Safnasafnið	Hvítsaumur, munstur og menning	Aukaúthlutun	300.000
Sagnheimar - Byggðasafn og Náttúrugripasafn	Sagnheimar á miðlunum	Aukaúthlutun	300.000
Sagnheimar - Byggðasafn og Náttúrugripasafn	Farskóli á Selfossi 2025	Aukaúthlutun	300.000
Sagnheimar - Byggðasafn og Náttúrugripasafn	Námskeið í meðhöndlun safngripa eftir vá	Aukaúthlutun	600.000
Sagnheimar byggðasafn	Viðbrögð við eftirliti safnaráðs	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	3.000.000
Sagnheimar byggðasafn	Flokkun og skráning muna Sagnheima í gagnagrunninn Sarp	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	3.500.000
Sauðfjársetur á Ströndum	Viðburðadagskrá: Ull verður gull	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.200.000
Sauðfjársetur á Ströndum	„Oní kassa og upp í hillu“ - varðveisla safnkostsins	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.800.000
Sauðfjársetur á Ströndum	Stafrænt kort af fjárréttum á Íslandi	Aukaúthlutun	300.000

Styrkþegi	Verkefni	Úthlutun	Styrkupp- hæð
Sauðfjársetur á Ströndum	Þátttaka í farskóla safnmanna 2025	Aukaúthlutun	300.000
Sauðfjársetur á Ströndum	Málþing um fjárréttir á Íslandi	Aukaúthlutun	300.000
Síldarminjasafn Íslands	Síldarstúlkur - brautryðjendur kvenna í íslensku atvinnulífi	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.000.000
Síldarminjasafn Íslands	Átaksverkefni: Grisjunaráætlun og flutningur safnkosts til framtíðarvarðveislu	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.500.000
Síldarminjasafn Íslands	Farskóli á Selfossi 2025	Aukaúthlutun	300.000
Síldarminjasafn Íslands	Svæðisbundið samstarf safna og ferðaþjónustuaðila; Norðurland	Aukaúthlutun	300.000
Tækniminjasafn Austurlands	Handritsgerð og hönnun nýrra grunn-sýninga í nýju safni	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	2.500.000
Tækniminjasafn Austurlands	Skráning muna	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	3.000.000
Tækniminjasafn Austurlands	Geirahús - stafræn heimsókn	Aukaúthlutun	300.000
Tækniminjasafn Austurlands	Farskóli 2025	Aukaúthlutun	300.000
Veiðisafnið - Stokkseyri	Ljósmyndun safnmuna Veiðisafnsins og skráning í Sarp. Áfangi 2	Aðalúthlutun - eins árs styrkur	1.500.000
Samtals styrkveiting 2024			234.795.000


Greining á úthlutun úr safnasjóði 2024

Skipting eftir úthlutunum

Að vanda var meirihluta styrkfjár úthlutað við aðalúthlutun, eða um 90% af heildarstyrkupp-hæð, þar af 71% í eins árs styrki.

Úthlutun	Styrkupp-hæð	Fjöldi	Hlutfall
Aðalúthlutun - eins árs styrkur	166.335.000	107	71%
Öndvegisstyrkur veittur 2024	10.000.000	2	4%
Öndvegisstyrkur - eldri úthlutun	34.800.000	9	15%
Aukaúthlutun	23.660.000	74	10%
	234.795.000	192	100%

Hvernig starfsemi styrkti safnasjóður 2024?



Það er áhugavert að skoða hvers konar verk-efni eru styrkt, en þó getur verið flókið að flokka styrki eftir viðfangsefni. Hvað varðar eins árs styrki í aðal- og aukaúthlutun, þar sem umsækjendur merkja við viðfangsefni umsóknar, er auðvelt að flokka styrkinn en Öndvegisstyrkir og jafnvel margir stærri eins árs styrkir spanna oft á tíðum vítt starfssvið safnanna og því ekki augljóst hvar beri að flokka þá.

Hér í töflunni til hliðar er því verið að skoða styrki úr aukaúthlutun 2024 og frá eins árs styrkjum úr aðal-

úthlutun 2024, samtals 181 styrk að heildarupphæð 189.995.000 kr.

Þegar rýnt er í hvaða flokkar verkefna eru helst styrktir má sjá að sjóðurinn styrkir faglegt starf í auknum mæli frá fyrri árum í upphæð talið, en nú falla 44% heildarupphæðar undir þann flokk, tæpar 83 milljónir króna, en í því felst m.a. söfnun, skráning, rannsóknir og varðveisla.

Undir miðlun fellur sýningarhald, stafræn miðlun, útgáfa, safnfræðsla og önnur fjölbreytt miðlun, en 42% heildarstyrkupp-hæðar, tæpar 88 milljónir króna, má flokka með þeim hætti. Símenntunarstyrkir námu alls tæpum 20 milljónum króna og í aðra þætti safnastarfsins fara 4% af styrkfénu, tæpar 9 milljónir króna, en undir það falla m.a. sum rekstrarverkefni og samstarfsverkefni ýmiss konar.

Tegund	Fjöldi	Styrkupp hæð	Hlutfall
Miðlun	75	79.840.000	42%
Símenntun	54	19.560.000	10%
Faglegt starf	47	82.745.000	44%
Annað	5	7.850.000	4%
Alls	181	189.995.000	100%



IV. Eftirlitshlutverk safnaráðs

Eitt meginhlutverk safnaráðs samkvæmt safnalögum er að hafa eftirlit með viðurkenndum söfnum sem starfa eftir skilmálum safnaráðs um starfsemi viðurkenndra safna.

Samkvæmt samþykkt safnaráðs er eftirlit þess með viðurkenndum söfnum þrípætt en einnig teljast skýrslur um nýtingu styrkja úr safnasjóði hluti af eftirliti safnaráðs. Eftirlit safnaráðs með viðurkenndum söfnum skiptist í:

1. Eftirlit með rekstri safns.
2. Eftirlit með húsakosti safns, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum.
3. Eftirlit með skráningu gripa og aðgengi að safnkosti og sýningum.
4. Eftirlit með forvörnum og viðbragðsáætlunum

1. hluti eftirlits – Eftirlit með rekstri safns

Eftirlit með rekstri safns er árlegt eftirlit sem er framfylgt með því að viðurkennd söfn skila *Árlegri skýrslu viðurkenndra safna* til safnaráðs líkt og þeim ber skylda til samkvæmt safnalögum. Á árinu 2024 skiluðu söfnin skýrslu vegna rekstrarársins 2023 og var skilafrestur 24. október 2024. Gögn sem safnað er með þessum hætti nýtast ráðinu bæði við eftirlit með starfi viðurkenndra safna og til að fá yfirsýn yfir safnastarf í landinu.

2. hluti eftirlits – Eftirlit með húsakosti safns, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum

Annar hluti eftirlits með viðurkenndum söfnum er framkvæmdur af eftirlitshópi safnaráðs og er verkferlið nú þróað í samstarfi við hann.

Ferlið er með þeim hætti að viðurkennd söfn skila eftirlitseyðublöðum til safnaráðs um húsnæði safns og aðbúnað gripa, skilað er bæði gögnum fyrir sýningarhúsnæði sem og varðveisluhúsnæði. Í kjölfarið fá söfnin matsskýrslu eftirlitshóps með athugasemdum og tillögum að úrbótum.

Úrbótum er skipt í þrjá flokka eftir eðli og kostnaði. Safn fær 12 mánuði til að bregðast við úrbótum sem að mati eftirlitsaðila eru ekki kostnaðarsamar. Safn fær tvö til fimm ár til að

bregðast við úrbótum sem teljast viðameiri. Eftirlitinu lýkur svo með heimsókn eftirlitsaðila úr hópnum og því getur ferlið tekið nokkur ár.

Ef safnaráð og eftirlitshópur telja að safnið hafi staðist eftirlitið fær það tilkynningu þess efnis. Ef frekari úrbætur eru nauðsynlegar skulu næstu skref metin af safnaráði. Hægt er að lesa nánar um ferlið á vef safnaráðs.⁹

Staðan á öðrum hluta eftirlits 2024

Á árinu 2024 voru engar heimsóknir farnar af eftirlitsaðilum safnaráðs. Þær fjórar heimsóknir sem fara átti í 2024 færðust til ársins 2025 af ólíkum ástæðum. 39 viðurkennd söfn hafa þó fengið heimsókn og alls eiga 8 söfn eftir að fá heimsókn af öllum viðurkenndum söfnum á Íslandi. Þrjú af þeim eru í óvissuflokki, sem hefur ekki breyst á milli ára: Tækniminjasafn Austurlands á Seyðisfirði, sem stórskemmdist þegar aurskriða féll á stóran hluta húsakosts safnsins í desember 2020, Grasagarður Reykjavíkur, en sérstaða safnsins krefst sérþekkingar sem er ekki fyrir hendi eins og staðan er í dag, og Byggðasafn Dalamanna en þar ríkir óvissa þar sem eigendur safnsins hafa selt húsakostinn og nýr staður fyrir safnið hefur ekki verið fundinn.

Eftir að viðbætur á eftirlitseyðublaðinu voru gerðar 2022 og þrepum bætt við til að tilgreina alvarleika málsins hverju sinni hefur verið hægt að fylgjast betur með mismunandi stöðu viðurkenndra safna á Íslandi. Þar með hefur verið bætt við eftirfylgni við eftirlitsmál safnaráðs sem hefur farið fram með símaviðtölum eða annarri heimsókn eftirlitsaðila.

Prepin eru eftirfarandi:

1. **Nokkur atriði sem þarfnast úrbóta:** Safn upplýsir safnaráð um að úrbótum sé lokið innan 12 mánaða.
2. **Mörg atriði sem þarfnast úrbóta:** Safn upplýsir safnaráð um áætlanir um úrbætur innan 12 mánaða.
3. **Alvarlegar athugasemdir. Uppfyllir ekki skilyrði safnaráðs til viðurkenndra safna:** Safn skal innan 6 mánaða upplýsa safnaráð um áætlun að úrbótum sem safnaráð þarf að samþykka. Safn er undir sérstöku eftirliti safnaráðs.

Staðan 2024 er sú að 20 söfn hafa lokið eftirliti en 19 söfn eru í þrepi 1 og 2, sem merkir að nokkur eða mörg atriði þarfnist úrbóta. Um er að ræða misalvarleg atriði en óskað er eftir að söfn verði í sambandi innan 12 mánaða. 4 söfn eru hinsvegar skráð í þrep 3 þar sem alvarlegar athugasemdir eru gerðar. Eitt þessara safna hefur verið sameinað öðru safni og þar er unnið að því að gera úrbætur. Hin þrjú eru í sambandi við skrifstofu safnaráðs og fyrir liggur mikill vilji til að vinna að úrbótum en staða safnanna er misjöfn. Eitt er þó víst; nánast undantekningalaust sprettur vandinn af ófullnægjandi varðveislurýmum eða þá að varðveislurými er ekki til staðar. Með því að skrifa heimsóknarskýrslur og gera viðbætur á eftirlitseyðublaðum var vonast til að eigendur safna myndu taka á þessum vanda.

Í sumum tilvikum er um margþættan vanda að ræða sem krefst tíma svo hægt sé að vinna að úrbótum. Verkefni eru mistímafrek en heimsóknarskýrslurnar veita eigendum safnanna góða yfirsýn yfir þau verkefni sem brýnt er að ráðast í.

⁹ Sjá á vef safnaráðs: <https://safnarad.is/vidurkennd-sofn/eftirlit-med-vidurkenndum-sofnum/eftirlit-med-husakosti-safns-adbunadi-safnkosts-varðveislu-gripa-og-oryggismalum/>

Umfang eftirlitsins hefur vaxið því eftirfylgni með þeim söfnum sem ekki hafa lokið öðrum hluta eftirlits er flókin og oft eru aðstæður safna með þeim hætti að þau hafa ekki úrræði til að gera úrbætur. Ávinningur af eftirlitinu er mikilvægur fyrir lögbundið hlutverk safnaráðs en einnig hefur heimsókn forvarða nýst söfnum vel til samtals og ráðgjafar varðandi hin ýmsu mál. Eftirlitið getur enn fremur nýst sem góður gátlisti yfir það sem viðurkennt safn þarf að uppfylla, sem verkfæri til að styðja við faglegt innra starf og einnig hafa viðurkennd söfn lagt matsskýrsluna fyrir eigendur og í kjölfarið fengið frekara fjármagn til nauðsynlegra breytinga eða úrbóta.

Í eftirlitshópi safnaráðs starfa menntaðir forverðir. Árið 2024 voru eftirtaldir forverðir starfandi:

- Ingibjörg Áskelsdóttir
- Karen Þóra Sigurkarlsdóttir
- Kristín Gísladóttir
- Þórdís Baldursdóttir

Viðurkennd söfn sem hafa lokið 2. hluta eftirlits safnaráðs

Heildarstaðan á eftirliti safna er að 20 söfn hafa lokið 2. hluta eftirlits.

Þau söfn eru eftirfarandi:

- Borgarsögusafn Reykjavíkur
- Byggðasafn Árnesinga
- Byggðasafn Hafnarfjarðar
- Byggðasafn Reykjanesbæjar
- Flugsafn Íslands
- Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs
- Hafnarborg - menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar
- Heimilisiðnaðarsafnið
- Hönnunarsafn Íslands
- Landbúnaðarsafn Íslands
- Listasafn ASÍ
- Listasafn Árnesinga
- Listasafn Reykjavíkur
- Menningarmiðstöð Hornafjarðar
- Menningarmiðstöð Þingeyinga
- Minjasafn Akureyrar
- Minjasafn Austurlands
- Nýlistasafnið
- Sauðfjársetur á Ströndum
- Veiðisafnið

3. hluti eftirlits – Eftirlit með skráningu gripa og aðgengi að safnkosti og sýningum

Eftirliti með skráningu gripa og aðgengi að safnkosti og sýningum skal framfylgt með úttekt sérfræðinga á staðnum og gögnum eftir þörfum.

Eftirlitið er með skráningarstyrkjum sem fást úr safnasjóði og eru skráð í Sarp, en Rekstrarfélag Sarps hefur verið í samstarfi við safnaráð vegna verkefnisins frá árinu 2021. Bæði starfsmenn Sarps og skráningarráð Sarps eru samstarfsaðilar safnaráðs vegna þriðja hluta eftirlitsins en einnig verður unnið að gerð gátlista/staðals um skráningu og þróun á verkferli við eftirlitið. Í eftirlitinu felst m.a. að skráningarumsóknir þurfa að uppfylla ákveðnar kröfur til að teljast styrkhæfar. Því er óskað eftir auknum upplýsingum í umsóknum um styrki til skráningar. Með umsókn í safnasjóð vegna skráninga í Sarp skuldbindur umsækjandi sig til að fylgja reglum sem gilda um þær skráningar og setja sig í samband við viðeigandi þjónustaðila áður en verkefnavinnan hefst.

Verklag við eftirlitið hefur verið endurskoðað og einfaldað. Áður voru öll styrkt skráningarverkefni undir eftirliti en nú eru ákveðin söfn, sem hljóta skráningarstyrki, valin til eftirlits. Þessi misserin mæðir mikið á starfsfólki Sarps við þróun nýs skráningarkerfis, svo að verkefnið hefur verið í ákveðnum hæagang. Vonir eru bundnar við að nýtt kerfi geti stutt betur við verkefnið sem vonandi lítur dagsins ljós á nýju ári en þá verður þessum hluta af eftirlitinu sinnt af meiri krafti.

Enn sem komið er einskorðast eftirlitið við þá skráningarstyrki sem unnir eru í skráningargrunninn Sarp. Eftirlit vegna skráninga sem þegar hafa verið unnar verður útfært nánar síðar, sem og eftirlit með skráningum sem eru gerðar í öðrum kerfum.

4. hluti eftirlits – Viðbragðsáætlanir viðurkenndra safna

Ísland hefur staðfest Haag-samning UNESCO frá 1954 um vernd menningarverðmæta komi til vopnaðra átaka og eru aðilar að samningnum skuldbundnir til að vernda menningarverðmæti ef til vopnaðra átaka kemur en jafnframt vinna forvarnarstarf á friðartímum, t.d. með skráningu á menningarverðmætum og gerð áhættumats og viðbragðsáætlana. Menningarstofnanir eiga að undirbúa viðbragðsáætlanir ef hætta steðjar að. Íslenskar stofnanir munu útfæra verkefnið þannig að það taki mið af þeim hættum sem geta steðjað að íslenskum menningararfi. Verndun menningarverðmæta einskorðast ekki við vopnuð átök, á Íslandi stafar þeim t.a.m. ógn af völdum náttúruhamfara og loftslagsbreytinga. Nýjustu dæmin um slíkt eru yfirstandandi eldsumbrot og jarðskjálftar á Reykjanesi sem ekki sér fyrir endann á.

Eitt af þeim hlutverkum sem safnaráð hefur samkvæmt lögum er eftirlit og að setja reglur um húsnæði safna, þar á meðal um skráningarkerfi, aðgengi og öryggismál viðurkenndra safna. Því kemur það í hlut safnaráðs að fylgja þessu verkefni eftir með það að leiðarljósi að gæta að faglegri starfsemi safna við varðveislu menningar- og náttúruarfs Íslands og tryggja að honum verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Forvarnir og viðbragðsáætlanir gegna lykilhlutverki við að tryggja menningararf okkar til framtíðar og því er mikilvægt að á hverju safni sé til viðbragðsáætlun gegn vá (e. *Emergency Operations Plan*) sem segir til um hvernig brugðist verður við aðsteðjandi vá svo afstýra megi áföllum. Safnaráð stýrir þessu verkefni þegar kemur að viðurkenndum söfnum á Íslandi.

Undirbúningur hófst 2023 og verkefnið fór af stað fyrir alvöru 2024 í samvinnu við Nathalie Jacquemet, forvörð og safnafræðing.

Í byrjun árs 2024 var farið af stað með prufuhóp safna til að kortleggja með hvaða hætti best væri að aðstoða söfn við gerð viðbragðsáætlunar. Það reyndist vel og í framhaldi af því voru söfn sett í hópa eftir landshlutum, til þess að söfn geti leitað stuðnings hvert hjá öðru og unnið saman að forvörnum vegna áhættu sem getur verið bundin við ákveðið landsvæði. Söfnum var svo boðið að taka þátt í fjarnámskeiði undir stjórn Nathalie Jacqueminet. Hugmyndin var sú að söfn gætu unnið áhættumat og viðbragðsáætlun á meðan á námskeiðinu stóð og þannig haft aðgengi að sérfræðikunnáttu Nathalie. Auk þess fengu fulltrúar safnanna ítarlegt kynningarefni og leiðarvísi ásamt sniðmáti fyrir viðbragðsáætlun sem Nathalie skrifaði og hægt er að nálgast á heimasíðu safnaráðs. Það hefur reynst söfnunum misumfangsmikið verkefni að vinna slíkar áætlanir, sum söfn voru þegar komin með grunn að viðbragðsáætlun sem þau gátu byggt á, á meðan önnur voru að byrja frá grunni, auk þess sem umfang safna er talsvert ólíkt.

Í lok árs 2024 voru 12 söfn búin að fara á námskeið og undirbúningsfundi um gerð viðbragðsáætlunar og í lok árs höfðu fjögur söfn skilað tilbúinni viðbragðsáætlun til safnaráðs en átta eru ennþá í vinnslu.

Nýting styrkja úr safnasjóði

Styrkþegar úr safnasjóði þurfa að skila skýrslu til safnaráðs um nýtingu allra styrkja úr safnasjóði. Öllum skýrslum um nýtingu styrkja er skilað í gegnum umsóknavef safnaráðs.¹⁰ Skýrslunum skal skilað í síðasta lagi ári eftir að verkefni lýkur en mælt er til að styrkþegar skili skýrslum um leið og verkefni lýkur. Heimilt er að krefjast endurgreiðslu, hafi verkefni sem hlotið hefur styrk ekki verið unnið í samræmi við umsókn og þau gögn sem styrkveiting var byggð á, einnig ef verkefnið hefur ekki verið unnið samkvæmt skilmálum sjóðsins eða ef lokaskýrslu hefur ekki verið skilað innan árs frá áætluðum lokum verkefnis. Ef styrkþegi þarf að óska eftir fresti á nýtingu verkefnastyrks úr safnasjóði má finna eyðublað þar að lútandi á umsóknavef safnaráðs.

Í aðalúthlutun vegna eins árs styrkja er skilað áfangaskýrslu til safnaráðs vegna styrkja sem eru 1.500.000 kr. eða hærri, þá er skilað lokaskýrslu vegna allra styrkja. Vegna *Öndvegisstyrkja* er skilað áfangaskýrslu fyrsta og annars árs og svo lokaskýrslu eftir þriðja árið. Í tilfelli aukaúthlutana er skilað lokaskýrslu vegna allra styrkja. 1. mars hvers árs er skiladagur allra skýrslna sem eru með skil það árið. Á árinu 2024 bárust 182 skilaskýrslur vegna úthlutana fyrri ára úr safnasjóði.

¹⁰ Sjá á vef safnaráðs: <https://safnarad.is/umsoknavefur/>



V. Viðurkennd söfn

Skilmálar viðurkenningar safna

Menningarráðherra veitir safni viðurkenningu að fenginni tillögu safnaráðs. Öll söfn utan höfuðsafna þurfa að sækja um viðurkenningu, vilji þau falla undir ákvæði safnalaga nr. 141/2011. Skilyrði viðurkenningar safna eru eftirfarandi samkvæmt 10. gr. safnalaga:

1. Safn skal vera í eigu opinberra aðila, sjálfseignarstofnunar, félags eða fyrirtækis sem tryggir safninu fjárhagsgrundvöll fyrir eðlilega starfsemi þess og skipar því stjórn. Safn skal ekki rekið í hagnaðarskyni.
2. Safn skal hafa sjálfstæðan fjárhag, aðskilinn frá öðrum rekstri eiganda. Reikningar safns skulu vera áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Það skal árlega senda skýrslu um starfsemi sína og fjárhagslegt uppgjör til safnaráðs.
3. Safn skal starfa eftir stofnskrá eða samþykkt sem safnaráð hefur staðfest, sbr. 7. gr. Í stofnskrá eða samþykkt skal tilgreina viðfangsefni og starfssvæði safnsins. Stofnskrá eða samþykkt viðurkennds safns skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.
4. Safn skal starfa í samræmi við skilmála safnaráðs um húsnæði, öryggismál, skráningarkerfi og faglega starfsemi. Upplýsingar um skráða gripi í varðveislu safns skulu vera aðgengilegar almenningi.
5. Safn skal veita skólanemendum sem heimsækja safnið í skipulögðum námsferðum aðgang án gjaldtöku.
6. Aðgengi að húsnæði safns skal vera í samræmi við lög og reglugerðir og eins mikið tillit tekið til þarfa fólks með fötlun og kostur er.
7. Safn skal starfa í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) og ákvæði laga.
8. Forstöðumaður safns skal hafa menntun á ábyrgðarsviði safnsins eða hafa aflað sér hliðstæðrar hæfni á annan hátt.

Stofnskrár viðurkenndra safna

Samkvæmt safnalögum tekur safnaráð við stofnskrám til staðfestingar frá söfnum sem sækjast eftir viðurkenningu og eins ber viðurkenndum söfnum að senda stofnskrár sínar til samþykktar hjá ráðinu, ef gerðar eru á þeim breytingar. Samkvæmt safnalögum ber að birta staðfestar stofnskrár viðurkenndra safna í B-deild Stjórnartíðinda. Þrjár stofnskrár voru sendar til birtingar í Stjórnartíðindum 2024 og voru það stofnskrár Byggðasafns Skagfirðinga, Sagnheima, Síldarminjasafns Íslands og Heimilisiðnaðarsafnsins, í öllum tilfellum vegna lítilsháttar breytinga á stofnskrá eða samþykkt.

Skilmálar safnaráðs fyrir viðurkenningu safna samkvæmt 10. gr. safnalaga voru staðfestir árið 2013. Auglýst er árlega eftir umsóknum um viðurkenningu og var umsóknarfrestur til 15. september 2024. Enginn sótti um viðurkenningu að þessu sinni.

Í samræmi við 9. gr. safnalaga fá viðurkennd söfn að nota einkennismerki safnaráðs sem er byggt á merki ráðsins, en Einar Gylfason, hönnuður hjá Leynivopninu, hannaði merki safnaráðs og annað útlit efnis sem ráðið notar. Viðurkenndum söfnum er heimilt að nota merkið í kynningu á starfsemi safnsins.



Listi yfir viðurkennd söfn 2024

Viðurkennt safn	Tegund	Landshluti
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Menningarminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Byggðasafn Árnesinga	Menningarminjasafn	Suðurland
Byggðasafn Borgarfjarðar	Blönduð starfsemi	Vesturland
Byggðasafn Dalamanna	Menningarminjasafn	Vesturland
Byggðasafn Garðskaga	Menningarminjasafn	Suðurnes
Byggðasafn Hafnarfjarðar	Menningarminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna	Menningarminjasafn	Norðurland
Byggðasafn Reykjanesbæjar	Menningarminjasafn	Suðurnes
Byggðasafn Skagfirðinga	Menningarminjasafn	Norðurland
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	Menningarminjasafn	Vesturland
Byggðasafn Vestfjarða	Menningarminjasafn	Vestfirðir
Byggðasafnið Görðum, Akranesi	Menningarminjasafn	Vesturland
Byggðasafnið Hvoll	Menningarminjasafn	Norðurland
Byggðasafnið í Skógum	Menningarminjasafn	Suðurland
Flugsafn Íslands	Menningarminjasafn	Norðurland
Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
Gljúfrasteinn – hús skáldsins	Menningarminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Grasagarður Reykjavíkur	Náttúruminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Hafnarborg	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
Heimilisiðnaðarsafnið	Menningarminjasafn	Norðurland
Hvalasafnið á Húsavík	Náttúruminjasafn	Norðurland
Hönnunarsafn Íslands	Menningarminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Iðnaðarsafnið, Akureyri	Menningarminjasafn	Norðurland
Kvikmyndasafn Íslands	Menningarminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Landbúnaðarsafn Íslands	Menningarminjasafn	Vesturland
Listasafn ASÍ	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
Listasafn Árnesinga	Listasafn	Suðurland
Listasafn Einars Jónssonar	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
Listasafn Háskóla Íslands	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
Listasafn Reykjanesbæjar	Listasafn	Suðurnes
Listasafn Reykjavíkur	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
Listasafnið á Akureyri	Listasafn	Norðurland
Menningarmiðstöð Hornafjarðar	Blönduð starfsemi	Suðurland
Menningarmiðstöð Þingeyinga	Blönduð starfsemi	Norðurland
Minjasafn Austurlands	Menningarminjasafn	Austurland

Viðurkennt safn	Tegund	Landshluti
Minjasafn Egils Ólafssonar	Menningarminjasafn	Vestfirðir
Minjasafnið á Akureyri	Menningarminjasafn	Norðurland
Minjasafnið á Bustarfelli	Menningarminjasafn	Austurland
Náttúrufræðistofa Kópavogs	Náttúruminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Nýlistasafnið	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
Safnasafnið	Listasafn	Norðurland
Sagnheimar – Byggðasafn og Náttúrugripasafn	Menningarminjasafn	Suðurland
Sauðfjársetur á Ströndum	Menningarminjasafn	Vestfirðir
Síldarminjasafn Íslands	Menningarminjasafn	Norðurland
Sjóminjasafn Austurlands	Menningarminjasafn	Austurland
Tækniminjasafn Austurlands	Menningarminjasafn	Austurland
Veiðisafnið	Náttúruminjasafn	Suðurland



SAFNARÁÐ

The Museum Council of Iceland

Höfundar: Þóra Björk Ólafsdóttir og Klara Þórhallsdóttir
Yfirlestur: Salka Guðmundsdóttir
Útgefið af safnaráði 2025
Samþykkt á 247. safnaráðsfundi